


ATVINNUSTEFNA REYKJAVÍKUR
SKAPANDI BORG





ATVINNUSTEFNA REYKJAVÍKUR

- Skapandi borg skiptist í fimm hluta:

1. Leiðarljós og lykilmarkmið
2. Aðgerðaáætlun á nýu meginsviðum
3. Skilgreining, sérhæfing og skipulag atvinnusvæða
4. Aðgerðir í málefnum atvinnulausra – virkni- og vinnumarkaðsaðgerðir
5. Fjárfestingastefna Reykjavíkurborgar.



Reykjavíkurborg

	INNGANGUR	5
1	ATVINNUSTEFNA REYKJAVÍKUR – SKAPANDI BORG	6
1.1	LEIÐARLJÓS	6
1.2	LYKILMARKMIÐ	6
1.3	MÆLIKVARÐAR	6
2	AÐGERÐAÁÆTLUN Í ATVINNUMÁLUM	7
2.1	ATHAFNA- OG NÝSKÖPUNARBORGIN	8
2.1.1	Leiðarljós	8
2.1.2	Lykilverkefni og aðgerðir	8
2.1.2.1	Nýsköpun	8
2.1.2.2	Þjónusta og rekstrarskilyrði	10
2.1.2.3	Eftirfylgni	10
2.2	HÖFUÐBORGIN	11
2.2.1	Leiðarljós	11
2.2.2	Lykilverkefni og aðgerðir	11
2.2.2.1	Stefnumótun og samstarf	11
2.2.2.2	Traustir innviðir	12
2.3	GRÆNA BORGIN	13
2.3.1	Leiðarljós	13
2.3.2	Lykilverkefni og aðgerðir	13
2.4	MENNINGARBORGIN	15
2.4.1	Leiðarljós	15
2.4.2	Lykilverkefni og aðgerðir	15
2.5	FERÐAMANNABORGIN	17
2.5.1	Leiðarljós	17
2.5.2	Lykilverkefni og aðgerðir	17
2.6	ÞEKKINGARBORGIN	19
2.6.1	Leiðarljós	19
2.6.2	Lykilverkefni og aðgerðir	19
2.7	LÍFSGÆÐABORGIN	21
2.7.1	Leiðarljós	21
2.7.2	Lykilverkefni og aðgerðir	21
2.7.2.1	Umhverfi og lífsgæði í nýju borgarskipulagi	21
2.7.2.2	Heilbrigður húsnæðismarkaður	22
2.8	FJÖLBREYTILEIKABORGIN	23
2.8.1	Leiðarljós	23
2.8.2	Lykilverkefni og aðgerðir	23
2.9	HAFNARBORGIN	24
2.9.1	Leiðarljós	24
2.9.2	Lykilverkefni og aðgerðir	24
2.9.2.1	Gamla höfnin	24
2.9.2.2	Sundahöfn	26
2.9.2.3	Höfuðborgarsvæðið – Faxaflói	26

3	SKILGREINING, SÉRHÆFING OG SKIPULAG ATVINNUSVÆÐA	26
3.1	LEIDARLJÓS til 2030: Að skapa vaxtarskilyrði fyrir fjölbreytt og kraftmikið atvinnulíf.	26
3.2	Lykilaðgerðir	26
3.3	Grundvallarsýn í aðalskipulagi	27
3.4	Atvinnusvæði – sérhæfing og forgangsroðun	28
3.5	Skipulagssýn fyrir helstu atvinnusvæði Reykjavíkur til 2030	29
3.5.1	Miðborgin	29
3.5.2	Hlemmur-Skeifa-Höfðar-Keldur (miðborgarás til austurs)	29
3.5.3	Suðurbugt-Mýrargata-Grandagarður (miðborgarás til vesturs)	30
3.5.4	Vatnsmýrin. Vaxtarþóll á sviði rannsókna, hátækni og nýsköpunar	30
3.5.5	Borgartún-Kirkjusandur	31
3.5.6	Atvinnusvæði á Hólmsheiði, Grundartanga, Hellisheiði. Önnur sérhæfð atvinnusvæði	31
4	AÐGERÐIR Í MÁLEFNUM ATVINNULAUSRA – VIRKNI- OG VINNUMARKAÐSAÐGERÐIR	32
4.1	Leiðarljós	32
4.2	Lykilverkefni og aðgerðir	32
4.2.1	Ungt fólk	32
4.2.2	Almennar vinnumarkaðsaðgerðir	33
5	FJÁRFESTINGASTEFNA REYKJAVÍKURBORGAR	34
5.1	Aðgerðir til að örva fjárfestingu	34
5.2	Fjárfestingaráætlun Reykjavíkurborgar (borgarsjóðs)	35
6	GREINARGERÐ MEÐ ATVINNUSTEFNU REYKJAVÍKUR	36
6.1	Inngangur	36
6.2	Markmið atvinnustefnu og önnur stefnumörkun	37
6.3	Forsendur vaxtar og atvinnuþróunar	39
6.4	Hlutverk Reykjavíkur í atvinnumálum og mikilvægi atvinnustefnu	41
6.5	Atvinnustefnan og aðalskipulag	41
6.6	Atvinnuleysi er óásættanlegt	41
6.7	Bakland skapandi atvinnulífs	43
6.8	Innviðir og Orkuveita Reykjavíkur	43
6.8.1	Innviðir í atvinnustefnu Reykjavíkur	43
6.8.2	Almennt um OR	44
6.8.3	Staða mála í ýmsum veitum OR	44
6.8.3.1	Hitaveita	44
6.8.3.2	Vatnsveita	44
6.8.3.3	Rafdreifiveita	44
6.8.3.4	Raforka	44
6.8.3.5	Gagnaveita	45
6.8.4	Orkuskipti í samgöngum	45
6.9	Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar	45
6.10	Stefnuvísar atvinnustefnu Reykjavíkur	46
	Tafla um heildstæða atvinnu- og borgarþróun	48
	Gagnaskrá	49

Atvinnustefna Reykjavíkur, Skapandi borg, hefur það meginhlutverk að skilgreina og skýra á hvern hátt Reykjavíkurborg hyggst vinna markvisst að þróun og vexti fjölbreytts og framsækins atvinnulífs. Öflugt atvinnulíf verður til fyrir samspil margra þátta. Lykilþáttur í því er framtak framsækinna og öflugra einstaklinga sem hafa trú á umhverfi sínu og samfélagi. Kjarni þeirra áforma sem sett eru fram í atvinnustefnu Reykjavíkurborgar má í sjálfu sér lýsa í örstuttu máli.

Reykjavíkurborg vill skapa hagkvæm skilyrði fyrir atvinnulífið í borginni og stuðla að stofnun og rekstri nýrra fyrirtækja, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja, með áherslu á fjölbreytni, hátekni og nýsköpun á grundvelli hugmyndafræði um sjálfbæra þróun og vistvæna orkunýtingu.

Þetta verður gert með skipulagsaðgerðum, uppbyggingu trausta og skilvirkra innviða og samhæfingu og einföldun verkferla innan borgarkerfisins, auk þess sem rík áhersla verður lögð á að borgin veiti góða þjónustu og verði þannig áfram eftirsóknarverður staður fyrir fólk til búsetu og starfa. Til að stuðla að nýsköpun og markvissri þróun mun borgin hafa forgöngu um samstarf fjölmargra aðila sem gegna lykilhlutverkum í þekkingarsköpun og atvinnulífi. Einnig er borgin reiðubúin til að auka eigin fjárfestingar tengt atvinnu-uppbyggingu og nýsköpun samhliða því að unnið verði skipulega að markaðssetningu borgarinnar fyrir innlenda og erlenda fjárfestingu.

Þótt hægt sé að lýsa aðalatriðum atvinnustefnunnar í svo stuttu máli, þá er augljóst að áformin sem stefnan felur í sér eru svo nátengd flestum þáttum í starfsemi borgarinnar að varla verður neitt undan skilið. Til að ná betur utan um þetta fjölþætta samhengi hefur verið brugðið á það ráð að draga upp níu mismunandi myndir af Reykjavík atvinnulífsins: Athafna- og nýsköpunarborginni, Höfuðborginni, Grænu borginni, Menningarborginni, Ferðamannaborginni, Þekkingarborginni, Lífsgæðaborginni, Fjölbreytileikaborginni og Hafnarborginni. Hver mynd lýsir ákveðnu sjónarhorni á borgarsamfélagið og áherslum í stefnu borgarinnar og saman móta þær heildarumgjörð mannlífs, þjónustu og framkvæmda sem er forsenda þróttmikils og framsækins atvinnulífs.

Þessi framsetning sýnir glögglega að atvinnustefnan Skapandi borg er nátengd stefnumótun borgarinnar á mörgum öðrum sviðum. Hún byggir á gildandi stefnu í ýmsum málaflokkum eins og t.d. í ferðamálum, umhverfismálum og mannréttindamálum. Hún kallast einnig á við yfirstandandi stefnumótunarvinnu í öðrum málaflokkum. Augljósasta dæmið um þetta eru skipulagsmálin þar sem í atvinnustefnunni er hvað eftir annað vísað til hugmynda og tillagna sem verið er að vinna með í tengslum við yfirstandandi endurskoðun aðalskipulags Reykjavíkur. Sú vinna fylgir lögformlegu ferli og er gert ráð fyrir að endurskoðun að þessu sinni ljúki veturinn 2012-13. Afar mikilvægt er að atvinnustefnan kallist á við skýra stefnu um landnotkun sem mörkuð er til langs tíma svo bregðast megi með öruggum hætti við óskum þeirra sem vilja hefja eða þróa atvinnustarfsemi í

Mynd: Páll Kjartansson.



borginni. Atvinnustefnan er hins vegar ekki „stefna um allt“.

Sú spurning kann að vakna hvort atvinnustefnan eigi að vera forskrift að því hvernig stefna er mótuð í öðrum málaflokkum. Svarið er vissulega bæði já og nei, eins og á við um alla viðtæka stefnumótun. Það felast í atvinnustefnunni skýr skilaboð um að fagsvið, fyrirtæki og ráð borgarinnar taki mið af þeim markmiðum sem fram eru sett og í aðgerðaáætluninni er þess gætt að skilgreina ábyrgð á framfylgd hvers verkefnis eins skýrt og kostur er. Önnur stefnumörkun heldur hins vegar algjörlega gildi sínu og af fyrirbyggjandi umsögnum um atvinnustefnuna verður ekki séð að atvinnustefnan muni rekast á stefnumótun einstakra fagráða. Það á hins vegar við um allar stefnur sem borgin setur sér, að nauðsynlegt er að endurskoða þær með reglulegu millibili, endurnýja markmið, skýra leiðir og taka mið af ákvörðunum í öðrum málaflokkum sem kunna að hafa áhrif á viðkomandi stefnu. Atvinnustefnan er þar engin undantekning og gert er ráð fyrir að hún verði endurskoðuð á nokkurra ára fresti samhliða endurskoðun aðalskipulags.

Þeir hagsmunaaðilar sem veitt hafa umsögn um atvinnustefnuna og tekið þátt í umræðum um hana á vinnslustigi hafa einum rómi fagnað því að Reykjavíkurborg stigi þetta skref til virkrar þátttöku í mótun atvinnulífsins. Þeim er að sama skapi þakkað ómetanlegt framlag sem er undirstaða þess að hún stefnan hafi orðið að veruleika. Eins mun árangurinn ekki síst byggja á samstarfi borgar og atvinnulífs í framhaldinu. Við eigum öll mikið undir því að árangurinn verði sem mestur.

Dagur B. Eggertsson,
formaður atvinnumálahóps

1.1 LEIÐARLJÓÐ

- Reykjavík skapi kjörumhverfi þar sem einstaklingar og fyrirtæki sjá tækifæri í því að stofna til atvinnurekstrar.
- Reykjavík styrki hlutverk sitt sem höfuðborg landsins og forystuafli í vaxandi alþjóðlegri samkeppni um fyrirtæki, fjárfestingu, vinnuafli og ferðamenn.
- Reykjavík verði í fararbroddi í verðmætasköpun, menntun, velferð og lífsgæðum, mannréttindum og jafnréttismálum og axli forystuhlutverk við uppbyggingu og sjálfbæra þróun íslensks samfélags.
- Reykjavík verði í fararbroddi grænnar þróunar. Heilnæmt umhverfi og fagurt mannlíf verði í fyrirrúmi.
- Reykjavík þróist og dafni sem alþjóðleg menningar- og þekkingarborg þar sem eftirsóknarvert er að búa og starfa og gott er að vera gestur.
- Reykjavíkurborg geri það sem í hennar valdi stendur til að atvinnulíf í Reykjavík byggji á fjölbreytni, háu þekkingarstigi, sköpunarkrafti, öflugum útflutningi og verðmætasköpun og styðji þannig við samkeppnishæfni Íslands til skemmri og lengri tíma.

1.2 LYKILMARKMIÐ

- Góð skilyrði fyrir stofnun og rekstri fyrirtækja með samkeppnishæfum álögum og aðstöðu og sérstakri áherslu á lítil og meðalstór fyrirtæki.
- Góð vaxtarskilyrði fyrir fjölbreytt, sjálfbært og skapandi

atvinnulíf, sem mæti metnaði og þörfum íbúa svæðisins án tillits til uppruna, þjóðernis, lífshátta, trúarbragða, stjórnmálaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags, ættarinnis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu.

- Hagkvæmt skipulag atvinnusvæða sem stuðli að grænni og sjálfbærri borgarþróun og skapandi borg. Myndun klasa á lykilsviðum þar sem sóknarfæri eru í atvinnulífi.
- Stuðlað verði að fjölbreyttum búsetukostum sem jafnframt séu í góðum tengslum við atvinnusvæði með vistvænum/sjálfbærum samgöngum.
- Aukin fjárfesting í atvinnulífi og á húsnaðismarkaði og markviss opinber fjárfesting til að bæta lífsgæði, menntun, almenningsrými og vistvænar/sjálfbærar samgöngur og tryggja nauðsynlega innviði fyrir framsækið atvinnulíf.
- Blómlegt samstarf borgar, háskóla og atvinnulífs.
- Náð og gott samstarf við þá fjölmörgu aðila sem vilja vinna að sömu sýn og markmiðum fyrir Reykjavík, höfuðborgarsvæðið og framtíðaratvinnulíf á Íslandi. Markviss markaðssetning borgarinnar gagnvart ferðafólki.
- Markviss markaðssetning borgarinnar gagnvart beinni innlendri og erlendri fjárfestingu í samræmi við atvinnustefnu borgarinnar.
- Markviss samhæfing skipulags, lóðaúthlutana, framkvæmda og annarra þátta og stefnumótunar sem eru nauðsynlegir fyrir markvissa eftirfylgni atvinnustefnunnar.



Mynd: Sigrún Björnsdóttir

1.3 MÆLIKVARÐAR

Á vegum borgarritara og fjármálaskrifstofu verði unnar tillögur að mælikvörðum, í samráði við öll svið borgarinnar, til að meta framgang markmiða atvinnustefnunnar. Eðlilegt er að kanna hvort og með hvaða hætti árangursmælikvarðar sem fram hafa verið settir í annarri stefnumótun borgarinnar eða eru skilgreindir af hverju starfssviði borgarinnar fyrir sig geta nýst

til að meta árangur atvinnustefnunnar. Jafnframt er nauðsynlegt að skilgreina til viðbótar sérstaka mælikvarða og kennitölur sem lýsi framgangi helstu markmiða og árangri atvinnustefnunnar í heild til lengri og skemmri tíma. Meðal annars verði hugað að möguleikum á að fylgjast með þróun í nýsköpun og þekkingariðnaði, nýfjárfestingum og fjölgun verðmætra starfa, svo og atriðum

er varða sérhæfingu atvinnusvæða og þróunarsamstarf fyrirtækja (klasa-samstarf), samkeppnishæfni og borgarþróun almennt m.t.t. atvinnulífs. Einnig verði höfð hliðsjón af mælikvörðum sem við eiga og tengjast stefnumótun á landsvisu, þ.m.t. Ísland 2020 og e.t.v. á alþjóðavettvangi, s.s. lífsgæðavísam OECD.

SKAPANDI BORG

Eftirfarandi aðgerðaáætlun er sett fram undir yfirskriftum níu stefnuvísa sem hver um sig afmarkar ákveðið viðfangsefni við framtíðarþróun Reykjavíkurborgar í atvinnumálum. Saman móta stefnuvísarnir heildstæða mynd af þeirri fjölbreyttu, manneskjulegu og líflegu borg sem atvinnustefnunni Reykjavík – Skapandi borg er ætlað að stuðla að.



Undir yfirskrift hvers stefnuvísar er sett fram leiðarljós fyrir viðkomandi viðfangsefni. Síðan eru skilgreind lykilverkefni og aðgerðir til að ná þeim markmiðum sem sett eru. Ábyrgðaraðili er tilgreindur fyrir hverja aðgerð og greint frá samstarfsaðilum ef við á. Ábyrgð á framkvæmd aðgerða liggur alltaf hjá Reykjavíkurborg og einstökum starfseiningum /

sviðum hennar, en í mörgum tilfellum er þátttaka annarra nauðsynleg til að aðgerð nái tilætluðu marki. Í sumum tilfellum er augljóst samhengi milli stefnuvísar og ákveðinnar starfseiningar / þjónustusviðs í borgarkerfinu, í öðrum tilfellum spanna stefnuvísar viðfangsefni margra sviða.



ATHAFNA- OG NÝSKÖPUNARBORGIN

2.1.1 LEIÐARLJÓS

Í Reykjavík skapist vaxtarskilyrði fyrir kraftmikið atvinnulíf sem einkennist af fjölbreytni og nýsköpun. Aðgengilegt og hagkvæmt á að vera að stofna og reka fyrirtæki í borginni. Stuðlað verði að stöðugleika í starfsumhverfi með fyrirsjáanlegum og gegnsæjum leikreglum sem styðji við samkeppni og sjálfbæran vöxt. Verkefni sem lúta að atvinnuþróun og samstarfi með þátttöku borgarinnar þurfa einnig að virða samkeppnis-sjónarmið, jafnræði, kynjajafnrétti, mannréttindi og aðrar almennar leikreglur. Borgin vill jafnframt tryggja auðskiljanleg og markviss umsóknar- og leyfisferli og einfalt og skilvirkt eftirlit með atvinnurekstri. Borgin leggur áherslu á að upplýsingar um reglur og aðstöðu fyrir atvinnurekstur séu greinar-góðar og auðsóttar. Stefna um landnotkun og leikreglur um ráðstöfun lands séu skýrar.

2.1.2 LYKILVERKEFNI OG AÐGERÐIR

2.1.2.1 Nýsköpun

1. Vaxtarsamningur fyrir höfuðborgarsvæðið verði gerður milli ríkis, Reykjavíkurborgar og SSH. Almenn markmið samningsins séu í samræmi við aðra sambærilega samninga en sérstakar áherslur verði skilgreindar í kjölfar sameiginlegrar stefnumótunar höfuðborgarsvæðsins við gerð sóknaráætlunar 20/20. Kannaður verði grundvöllur að beinni aðkomu háskóla og atvinnulífs að skilgreiningu markmiða og fjármögnun einstakra áherslusviða samningsins.

Ábyrgð: skrifstofa eigna og atvinnuþróunar¹.

¹ Sjá aðgerð 2.1.2.3 og greingargærd, kafla 6.9.

Almenn markmið vaxtarsamninga eru:

- Efla samstarf fyrirtækja, háskóla og opinberra stofnana um þróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins.
- Þróa áfram og efla klasasamstarf vaxtargreina svæðisins og efla svæðisbundna sérþekkingu á vel skilgreindum styrkleikasviðum.
- Fjölga samkeppnishæfum fyrirtækjum og störfum og efla framboð á vörum og þjónustu, með sérstakri áherslu á litil og meðalstór fyrirtæki.
- Stuðla að útlutningi vöru og þjónustu og gjaldeyris-skapandi starfsemi.
- Nýta möguleika sem skapast með aðild að alþjóðlegum verkefnum.
- Laða að alþjóðlega fjárfestingu og þekkingu.

2. Lánatryggingasjóður ungs fólks og frumkvöðla

Leitað verði samstarfs við iðnaðarráðuneyti og velferðarráðuneyti og lánastofnanir við að setja á fót lánatryggingasjóð fyrir frumkvöðla úr röðum ungs fólks og frumkvöðla sem er að stíga sín fyrstu skref við stofnun og rekstur smáfyrirtækja. Fyrirmyndin verði sótt til Lánatryggingasjóðs kvenna.

Ábyrgð: skrifstofa eigna og atvinnuþróunar.

3. Nýsköpunarborgin

Unnið verði að fjölgun nýsköpunarsetra í vannýttu eða tómu húsnaði í samvinnu Nýsköpunarmiðstöðvar, Reykjavíkurborgar og eigenda fasteigna. Toppstöðin verði fest í sessi sem nýsköpunar- og frumkvöðlamiðstöð með nýjum samstarfssamningi þar sem fleiri rými verði tekin í notkun fyrir ný verkefni.

Ábyrgð: skrifstofa eigna og atvinnuþróunar.

4. Klasasamstarf

Reykjavíkurborg taki þátt í verkefninu „Betri þjónusta fyrir minna fé“ sem ætlað er að stuðla að klasasamstarfi og nýsköpun með samstarfi fyrirtækja og opinberra aðila á þremur lykilsviðum; heilbrigðissviði, menntasviði og orku/umhverfissviði.

Ábyrgð: skrifstofa eigna og atvinnuþróunar.

5. FabLab

Í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands verði FabLab sett á stofn í tengslum við framhaldsskóla í borginni. Hafist verði handa í Breiðholti (Miðbergi).

Ábyrgð: skrifstofa eigna og atvinnuþróunar.

6. Nýsköpunarstuðningur

Unnið verði að því með iðnaðarráðuneyti og Nýsköpunarmiðstöð að þau úrræði sem standa einstaklingum og frumkvöðlum til boða á landsbyggðinni, verði jafnframt boðin á höfuðborgarsvæðinu².

Ábyrgð: skrifstofa eigna og atvinnuþróunar.

7. Nýsköpunarviðburðir og tengslamyndun

Stutt verði við frumkvæði að nýsköpunarviðburðum sem veita einstaklingum og sprotafyrirtækjum tækifæri til að þróa og þroska hugmyndir sínar, sbr. t.d. nýsköpunarhelgar. Reykjavíkurborg stuðli jafnframt að og styðji atburði þar sem frumkvöðlar, fjárfestar og aðrir sem koma að nýsköpun í borginni geta hist og kynnst. Jafnframt verði byggt upp tengslanet út fyrir landsteinana og byggð upp þekking á styrkjakerfi og samstarfsmöguleikum.

Ábyrgð: skrifstofa eigna og atvinnuþróunar.



² Þau verkefni eru m.a.

Framtak, sem er styrkur til þróunar á þjónustu eða vöru í starfandi fyrirtækjum á landsbyggðinni.

Frumkvöðlastuðningur, þar sem frumkvöðlum og litlum fyrirtækjum á landsbyggðinni eru veittir styrkir til að þróa viðskiptahugmyndir.

Skrefi frammar, sem er styrkur til kaupa á ráðgjöf til nýsköpunar og umbóta í rekstri fyrirtækja á landsbyggðinni.

Sóknarbraut, sem er námskeið um rekstur fyrirtækja með áherslu á þróun hugmynda, markaðssetningu, stjórnun og fjármál.

Vaxtarsprotar, sem er stuðningsverkefni sem hefur það að markmiði að hvetja til fjölbreyttrar atvinnusköpunar í sveitum.

Konur í útrásarhug, sem er verkefni sem ætlað er að styðja við fyrirtæki kvenna sem hyggja á útrás.

Krásir, þar sem boðið er upp á fræðslu auk faglegs og fjárhagslegs stuðnings við þróun og sölu matvæla.

Klasar, þar sem veittir eru styrkir til undirbúnings klasasamstarfi og til einstakra verkefna innan klasa á landsbyggðinni. Nýsköpunarmiðstöð hefur sérhæft sig í rekstri og þróun klasasamstarfs fyrirtækja og hefur komið að undirbúningi fjölmargra fyrirtækjaklasa um land allt.

Sóknarfæri, sem er stuðningsverkefni sem ætlað er starfandi fyrirtækjum sem vilja vinna að nýsköpun, vexti eða umbótum í starfsemi sinni.

2.1.2.2 ÞJÓNUSTA OG REKSTRARSKILYRÐI

1. Reykjavíkurborg vill eiga aðild að stefnumótun um samkeppnishæft skattkerfi og fyrsta flokks almannapjónustu í samstarfi við ríkisvaldið og önnur sveitarfélög.

Ábyrgð: skrifstofa eigna og atvinnuþróunar, fjármálaskrifstofa (skattkerfi).

2. Reykjavíkurborg einfaldi og bæti þjónustuferla, eftirlit, leyfisveitingar og viðmót í þjónustu við fyrirtæki og móti heildstæða þjónustustefnu í þessu skyni. Sérstök rækt verði lögð við hagsmuni og þarfir lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Ábyrgð: skrifstofa eigna og atvinnuþróunar, stjórnkerfisnefnd.

3. Stofnað verði ráðgjafaráð um samkeppnishæfni Reykjavíkur í atvinnumálum með þátttöku fulltrúa atvinnulífs og sérfræðistofnana.

Ábyrgð: skrifstofa eigna og atvinnuþróunar.

4. Reykjavíkurborg standi vörð um mannréttindi og kynjajafnrétti í öllu atvinnulífi í borginni á grundvelli þeirrar stefnu sem gildir í starfsemi borgarinnar sjálfrar. Unnið verði á grundvelli hugmyndafræði samþættingar jafnréttissjónarmiða við alla stefnumótun á sviði atvinnumála.

Ábyrgð: mannréttindaskrifstofa.

2.1.2.3 EFTIRFYLGNI

1. Til að tryggja markvissa eftirfylgni með atvinnustefnu borgarinnar, þjónustu, upplýsingamiðlun, markaðssetningu og samstarf við atvinnulífið verði ný eining skilgreind í stjórnsýslu Reykjavíkurborgar, skrifstofa eigna og atvinnuþróunar.

Ábyrgð: Stjórnkerfisnefnd, borgarráð.

2. Til að laða að og auka innlenda og erlenda fjárfestingu verði mörkuð stefna fyrir markaðssetningu Reykjavíkur á grundvelli laga um ívilnanir vegna nýfjárfestinga (nr. 99/2010). Markaðssetningin taki mið af atvinnustefnunni, skilgreiningu atvinnusvæða og áætlun um úthlutun og skipulag lóða undir áhugaverða starfsemi. Í kjölfarið yrðu viðkomandi svæði markaðssett í samvinnu við fjárfestingarsvið Íslandsstofu og þeirri markaðssetningu eftir atvikum beint að ákveðnum fyrirtækjum, atvinnugreinum og mörkuðum. **Ábyrgð:** skrifstofa eigna og atvinnuþróunar.

3. Reykjavíkurborg efli þekkingu sína á tækifærum sveitarfélaga til að afla styrkja á alþjóðavettvangi, einkum í tengslum við Evrópusamstarf og Norðurlandasamstarf.

Ábyrgð: skrifstofa eigna og atvinnuþróunar.

4. Reykjavíkurborg efli samstarf sitt við innlendar og erlendar fjármálastofnanir til að stuðla að samstarfi þeirra við atvinnulífið um ólíkar fjármögnunarleiðir í atvinnuuppbyggingu og borgarþróun. Sérstök áhersla verði lögð á smálánastarfsemi, stuðning við lítil og meðalstór fyrirtæki og fjármagn til nýsköpunar og sjálfbærrar borgarþróunar.

Ábyrgð: skrifstofa eigna og atvinnuþróunar, fjármálaskrifstofa.

5. Atvinnustefna Reykjavíkur verði endurskoðuð reglulega samhliða endurskoðun aðalskipulags borgarinnar.

Ábyrgð: skrifstofa eigna og atvinnuþróunar.





HÖFUÐBORGIN

2.2.1 LEIÐARLJÓS

Reykjavík, sem höfuðborg og fjölmennasta sveitarfélag landsins, er leiðandi í atvinnuþróun og atvinnuuppbyggingu á Íslandi og miðstöð stjórnsýslu og opinberra stofnana, heilbrigðisþjónustu, menningar- og menntastofnana, fjármála- og tryggingarstarfsemi, samgangna og erlendra samskipta. Reykjavíkurborg leggur áherslu á samráð og samstarf við nágrannasveitarfélög og landsbyggðina í atvinnumálum. Borgin axlar þá ábyrgð að vera í fararbroddi við að skapa grundvöll fyrir fjölbreytt og framsækið atvinnulíf í landinu og leggur áherslu á að höfuðborgarsvæðið í heild þrívist áfram sem eitt atvinnusvæði. Reykjavíkurborg vill styrkja samkeppnisstöðu sína sem alþjóðleg borg fjölbreyttrar og blómlegrar atvinnustarfsemi með því að skapa ákjósanlega ramma og skilgreina skýrar leikreglur fyrir atvinnulífið og

treysta grundvöll lífsgæða og fjölskrúðugs mannlífs í borginni. Borgin leggur höfuðáherslu á að mannréttindi og kynjajafnrétti séu ávallt höfð að leiðarljósi í störfum borgarinnar og í atvinnulífi Reykjavíkur.

2.2.2 LYKILVERKEFNI OG AÐGERÐIR

2.2.2.1 Stefnumótun og samstarf

1. Eitt atvinnusvæði Reykjavíkurborg lítur á höfuðborgarsvæðið sem eitt atvinnusvæði. Reykjavík styður að þróun og uppbygging höfuðborgarsvæðisins verði stýrt út frá heildarhagsmunum og markvissar en áður með gerð nýs svæðisskipulags fyrir höfuðborgarsvæðið.

Ábyrgð: skipulags- og byggingasvið, SSH.

2. **Sóknaráætlun** Reykjavíkurborg vill taka virkan þátt í mótun sóknaráætlunar fyrir höfuðborgarsvæðið þar sem skilgreind verði markmið í atvinnu- og efnahagsþróun svæðisins og verkefni til að þau verði að veruleika. Ábyrgð: skrifstofa eigna og atvinnuþróunar, fjármálaskrifstofa, SSH.

3. **Atvinnuþróunarfélag** Reykjavíkurborg beiti sér fyrir því að kannaðir verði kostir þess að stofna sameiginlegt atvinnuþróunarfélag fyrir sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu.

Ábyrgð: skrifstofa eigna og atvinnuþróunar, SSH.

4. **Skattaumhverfi atvinnulífsins** Reykjavíkurborg beiti sér fyrir samstarfi höfuðborgarinnar, ríkis, sveitarfélaga og atvinnulífsins um hagfelld skattaumhverfi fyrirtækja og atvinnulífs.

Ábyrgð: fjármálaskrifstofa, SSH, skrifstofa eigna og atvinnuþróunar.

5. **Alþjóðatengsl** Reykjavíkurborg efli alþjóðatengsl sín og auki m.a. samstarf við aðrar höfuðborgir á Norður-löndum um málefni tengd nýsköpun og sjálfbærri atvinnuþróun.

Ábyrgð: skrifstofa eigna og atvinnuþróunar.

2.2.2.2 Traustir innviðir

1. Reykjavíkurborg leggur áherslu á að viðhalda traustri fjárhagslegri stöðu borgarsjóðs með aðhaldssamri fjármála-stjórn, hófsömum sköttum og skilvirkri almannapjónustu.

Ábyrgð: borgarráð og fjármálaskrifstofa.

2. Reykjavíkurborg leggur áherslu á að staðinn verði vörður um öfluga og skilvirka grunnþjónustu borgarinnar. Þar fara saman hagsmunir atvinnulífsins og allra íbúa svæðisins.

Ábyrgð: borgarráð.

3. Reykjavíkurborg leggur áherslu á að byggja upp hagkvæma innvið fyrir atvinnulífið með sjálfbæra og umhverfis-væna borgarþróun að leiðarljósi. Borgin vill með yfirstandandi endurskoðun aðalskipulags leggja grunn að fjölbreyttri og vaxandi vinnustarfsemi með sérhæfðum atvinnusvæðum, blöndun byggðar þegar við á og skilvirku samgöngukerfi fyrir vöruflutninga, almenna bílaumferð, hjól og gangandi fólk. Sérstakt tillit verði tekið til ferlimála fatlaðra.

Ábyrgð: skipulags- og byggingasvið.

4. Reykjavíkurborg leggur áherslu á að atvinnulífinu sé tryggð örugg græn orka og fjarskipti, auk háhraðatenginga innan borgarinnar og við umheiminn í samræmi við þarfir þekkingariðnaðar og nútíma viðskiptalífs á hverjum tíma.

Ábyrgð: Orkuveita Reykjavíkur

5. Á umferðarmiðstöðvarreit við Vatnsmýri verði ný miðstöð Strætó og annarra almenningssamgangna á landi sem þjóni höfuðborgarsvæðinu og landinu öllu. Sérstök áhersla verði lögð á tengingu við aðra samgöngumáta, s.s. ferjur, flug, hjóleiðar og gangandi umferð. Sérstaklega verði unnið að því að bæta tengsl við alþjóðaflugið í Keflavík og m.a. könnuð hagkvæmni léttlestartengingar í því skyni ásamt því að gert verði ráð fyrir þeim möguleika í aðal- og svæðisskipulagi.

Ábyrgð: framkvæmda- og eignasvið, umhverfis- og samgöngusvið og skipulags- og byggingasvið.

Mynd: Johannes Martin, flickr.com/johannesmartin/





GRÆNA BORGIN

2.3.1 LEIÐARLJÓS

Grænn vöxtur er leið til að styðja við bættan efnahag á sama tíma og dregið er úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda og mengun, úrgangur minnkaður, farið betur með auðlindir jarðar og líffræðilegri fjölbreytni viðhaldið. Reykjavíkurborg axlar ábyrgð á verndun og varðveislu sameiginlegra náttúruauðlinda. Grænn vöxtur felst í notkun grænnar og endurnýjanlegrar orku í atvinnustarfsemi, grænum samgöngum og varðveislu vatns-, jarðvegs- og loftgæða. Grænn vöxtur verður einn af meginstyrkleikum Reykjavíkur á næstu árum. Til að gera grænan vöxt að veruleika hefur Reykjavík á að skipa framsæknum fyrirtækjum sem ásamt

dótturfyrirtækjum gegna lykilhlutverkum í atvinnumálum og borgarþróun: Orkuveitu Reykjavíkur, Sorpu og Strætó. Grænn vöxtur er grundvallaratriði í þróun Reykjavíkur.

2.3.2 LYKILVERKEFNI OG AÐGERÐIR

1. Græn atvinnusvæði Reykjavíkurborg mun skipuleggja og markaðssetja sérstök svæði fyrir græna atvinnustarfsemi. Á þessum svæðum verða skilgreindir skýrir umhverfisskilmálar í takt við umhverfisstefnu borgarinnar og umhverfiskröfur framtíðarinnar.

Ábyrgð: skipulags- og byggingarsvið, umhverfis- og samgöngusvið, skrifstofa eigna og atvinnuþróunar.

2. Græn orka til fjölbreyttra nota Reykjavíkurborg leggur sérstaka áherslu á atvinnuuppbyggingu sem byggir á nýtingu grænnar orku. Gerð verði áætlun um nýtingu og markaðssetningu orku fyrir grænan iðnað á völdum svæðum m.a. í samstarfi borgarinnar við Orkuveitu Reykjavíkur, Íslandsstofu, Faxaflóahafnir og stjórnvöld. Í samræmi við nýja stefnu OR verði lögð sérstök áhersla á að verða sér úti um viðskiptavinum hjá fyrirtækjum sem geta nýtt afurðir fyrirtækisins; raforku, heitt og kalt vatn, á fjölþættan hátt. Sér í lagi er horft til fyrirtækja með umhverfisvæna starfssemi, háan virðisauka í framleiðslu sinni og sem auka fjölbreytni í viðskiptamannaflóru OR.

Ábyrgð: Orkuveita Reykjavíkur, skrifstofa eigna og atvinnuþróunar.

3. Orkuskipti í samgöngum Reykjavíkurborg mun beita sér fyrir því í samstarfi við SSH, Sorpu, Metan, OR og iðnaðarráðuneytið að unnin verði áætlun með þátttöku hagsmunaaðila um innleiðingu vistvænna orkugjafa í samgöngum borgarinnar samhliða aukinni fjölbreytni ferðamáta.

Ábyrgð: umhverfis- og samgöngusvið.

4. Græn innkaup Umhverfisáherslur verði auknar í öllum innkaupum Reykjavíkurborgar.

Ábyrgð: innkaupaskrifstofa, umhverfis- og samgöngusvið.

5. Græn skref Reykjavíkurborg innleiðir Græn skref fyrir allar borgarstofnanir. Um er að ræða umhverfisstjórnunarkerfi sem tekur til allra þátta rekstursins og er mjög einfalt að tileinka sér. Fyrirtækjum og stofnunum atvinnulífsins er frjálst að hafa þetta kerfi til fyrirmyndar.

Ábyrgð: umhverfis- og samgöngusvið.

6. Norrænt samstarf Reykjavíkurborg mun taka virkan þátt í samstarfi höfuðborga Norðurlanda um grænan vöxt í atvinnulífi.

Ábyrgð: borgarstjóri, umhverfis- og samgöngusvið.


7. Endurvinnsla og aðgerðir í umhverfismálum

Reykjavíkurborg mun gæta þess að stefnumótun og ákvarðanir borgarinnar um endurvinnslu og innleiðingu aðgerða í umhverfismálum hafi jákvæð áhrif á grænan vöxt í atvinnulífinu. Samvinna við Sorpu og önnur fyrirtæki borgarinnar.

Ábyrgð: umhverfis- og samgöngusvið.

8. Græn matvæli og fersk matvara Skilgreind verði svæði í aðalskipulagi sem nýta megi fyrir lífræna matvælaframleiðslu og stuðlað að því að borgin státi af matarmörkuðum með ferskvöru. Þá verði kannaðir möguleikar á svaðkölluðum matarsmiðjum í samvinnu við Matís.

Ábyrgð: skipulags- og byggingarsvið, skrifstofa eigna og atvinnuþróunar.





MENNINGARBORGIN

2.4.1 LEIÐARLJÓS

Reykjavík gegnir forystuhlutverki í íslensku menningarlífi sem vagga tónlistar, bókmennta, kvikmynda, leiklistar, hönnunar, tísku, safna, menntunar og fræða. Öflugt menningarlíf eykur lífsgæði borgarbúa og stuðlar að samfélagslegri velferð en menning er ekki síður mikilvægur hluti af efnahags- og atvinnulífi borgarinnar. Sem skapandi borg er metur að verðleikum menntun, reynslu og þekkingu í listum og skapandi starfi eflir Reykjavík ímynd sína jafnt inn á við og út á við um leið og grundvöllur efnahagslífsins er treystur. Leiðarljós Reykjavíkur í menningarmálum er: „Reykjavík eflist sem höfuðborg menningar í landinu. Sjálfsmynd borgarinnar byggir á menningararfi, frjórri hugsun og frumkvæði. Menningarlífið einkennist af fjölbreytni og virkri þátttöku íbúa og gesta“.

2.4.2 LYKILVERKEFNI OG AÐGERÐIR

1. Menningarstefna Ný menningarstefna Reykjavíkur endurspeglir mikilvægi og fjölbreytni skapandi greina fyrir atvinnulíf í borginni. Flestar stærstu menningarstofnanir landsins eru í Reykjavík, bæði þjóðarstofnanir og þær lista- og menningarstofnanir sem Reykjavíkurborg starfrækir eða á aðild að. Stuðningur Reykjavíkurborgar við menningarlífið endurspeglir m.a. vægi þess sem atvinnuskapandi afls.

Ábyrgð: menningar- og ferðamálasvið.

2. Klasasamstarf skapandi greina Reykjavíkurborg hafi forgöngu um að mynda klasa fyrir skapandi greinar með það markmið að auka tengsl og hagræðingu.

Ábyrgð: skrifstofa eigna og atvinnuþróunar, menningar- og ferðamálasvið.

3. Bókmenntaborg Staða Reykjavíkur sem Bókmenntaborg UNESCO verði nýtt til að vekja alþjóðlega athygli á Reykjavík, íslenskum rithöfundum og laða gesti til borgarinnar. Komið verði á fót bókmenntamiðstöð í borginni og orðlistir gerðar sýnilegar m.a. með eflingu bókmenntahátíðar, árlegri bókamessu, merkingum í borgarlandinu og öflugu innlendu og alþjóðlegu samstarfi meðal Skapandi borga UNESCO. Stefnt verði að samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið og lykilaðila í bókmenntalífi landsins.

Ábyrgð: menningar- og ferðamálasvið.

4. Borgarhátíðasjóður Borgarhátíðasjóður verði settur á laggirnar, sem hafi þann megingilgang að styðja við fasta árlega viðburði ásamt því að örva nýsköpun í hátíðarhaldi í Reykjavík. Efldar verði einkum hátíðir eins og Listahátíð í Reykjavík, Ríff, Hinsegin dagar, Iceland Airwaves og Hönnunarmars. Hlutverk sjóðsins verði skilgreint nánar og jafnframt verði sett af stað hugmyndasamkeppni um nýja viðburði í borginni. Unnið verði að samstarfi við iðnaðarráðuneyti og mennta- og menningarmálaráðuneyti um fjármögnun.

Ábyrgð: menningar- og ferðamálasvið.

5. Aukið samstarf Leitað verði í auknum mæli eftir samstarfi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og jafnframt eftir erlendu samstarfi og styrkjum úr alþjóðlegum menningarsjóðum fyrir stærri menningarverkefni.

Ábyrgð: menningar- og ferðamálasvið.

6. Samtímalist Listasafn Reykjavíkur styðji á öflugan hátt við samtímalist m.a. með samstarfi við önnur söfn í borginni og fræðslu og kynningu á þann hátt að nútímalist verði aðgengileg öllum þ.m.t. innflytjendum. Reykjavíkurborg hvetji til alþjóðlegra myndlistarviðburða sem verulega auka möguleika á markaðssetningu og sölu á íslenskri samtímalist.

Ábyrgð: menningar- og ferðamálasvið.

7. Kvikmyndaiðnaður Samstarfsverkefni við Film in Iceland verði eft. Samstarfið hafi það að markmiði að fjölga erlendum kvikmynda- og auglýsingaverkefnum á Íslandi, s.s. með kynnisferðum fyrir erlenda tökustjóra og þátttöku í alþjóðlegum kaupstefnum um kvikmyndaiðnaðinn.

Ábyrgð: menningar- og ferðamálasvið.

8. Skapandi sumarverkefni Reykjavíkurborg nýti verkefnið Skapandi sumarhópa sem fyrirmynd að heilsárs menningar-atvinnu ungs fólks með sjálfbærni að leiðarljósi.

Ábyrgð: menningar- og ferðamálasvið, ÍTR

9. Listaháskóli Íslands í miðbænum Reykjavíkurborg beiti sér fyrir byggingu Listaháskóla Íslands á stjórnarráðsreit en skólinn gegnir lykilhlutverki í í æðri listmenntun í landinu og mikilvægt er að hann fái sameiginlega aðstöðu fyrir alla starfsemi sína á góðum stað.

Ábyrgð: borgarstjóri, skipulags- og byggingasvið.





FERÐAMANNABORGIN

Mynd: Ragnar Th.

2.5.1 LEIÐARLJÓS

Reykjavík hefur sett sér metnaðarfulla ferðamálastefnu sem er byggð á fjórum meginstoðum: Menningarborg, heilsuborg, ráðstefnuborg og vetrarborg. Í markmiðum stefnunnar er lögð áhersla á að Reykjavík verði mótsstaður fyrir alþjóðlegar stefnur og strauma í menningarlífi og skipi sér sess meðal eftirsóttustu ráðstefnu- og viðburðaborga í Norður-Evrópu. Einnig að sérstaða Reykjavíkur með jarðvarma, hreina orku og einstaka náttúru í og umhverfis borgina verði nýtt til að stórefla heilsuferðapjónustu. Það, ásamt samstilltu átaki innan ferðapjónustunnar á fleiri sviðum, geri Reykjavík að eftirsóttum áfangastað allt árið um kring.

2.5.2 LYKILVERKEFNI OG AÐGERÐIR

1. Vetrarferðamennska

Skýr áhersla á uppbyggingu

lágannar og vetrarferðamennsku í samræmi við markmið ferðamálastefnu borgarinnar. Þríhliða samstarfssamningur ríkis, Reykjavíkurborgar, aðila í ferðapjónustu og annarra hagsmunaaðila - *Ísland allt árið* - liggur fyrir og verður grunnur aðgerða til 2014.

Ábyrgð: menningar- og ferðamálasvið.

2. Ráðstefnuskrifstofa Reykjavíkur Markmið er að ná ráðstefnum, fundum og alþjóðlegum viðburðum til Reykjavíkur. Þríhliða samstarf Reykjavíkurborgar, Hörpu og Icelandair Group leggur grunninn. Stefnt að því að stofan taki til starfa snemma árs 2012 með aðild breiðs hóps úr atvinnulífinu.

Ábyrgð: menningar- og ferðamálasvið.

3. Þríhnúkar Reykjavíkurborg er aðili að félagi um þróun einstaks ferðamannastaðar á Þríhnúkasvæðinu. Aðgengi að Þríhnúkagíg verði þáttur í þróun Eldfjallagarðs á

Reykjanesi. Farið verði í samkeppni um hugmyndir varðandi starfsemi, aðstöðu, fræðslu og viðburði fyrir almenning og ferðamenn með það að markmiði að fá einkafjármögnun að byggingu og rekstri ferðamannastaðar á heimsmælikvarða. Tryggt verði að væntanlegar framkvæmdir ógni ekki einni mikilvægustu auðlind borgarinnar sem er hreint og ómengað neysluvatn.

Ábyrgð: menningar- og ferðamálasvið og stjórn Reykjanesfólksvangs.

4. Viðburðaskrifstofa Reykjavíkur Mikil þörf á öflugum starfi sem samhliða framkvæmd borgarhátíða Reykjavíkur-borgar, geti stutt við aðrar hátíðir með ráðgjöf, aðstöðu, kynningu ofl. Kanna skal forsendur fyrir samstarfi á breiðari grunni varðandi menningarviðburði hvers konar, þ.m.t. íþróttaviðburði og meiri aðkomu annarra sveitarfélaga innan SSH.

Ábyrgð: menningar- og ferðamálasvið, ÍTR.

5. Heilsuborgin Reykjavík Heita vatnið og nýting þess eru meðal helstu styrkleika Reykjavíkur sem ferðamannaborgar. Sundlaugarnar í Reykjavík skulu vera ein helsta áherslan í kynningu á borginni og farið verður í vörupróun á sundlaugunum með það fyrir augum að auka fjölbreytni þeirra og nýta til fullnustu möguleikana í ferðaþjónustu og tekjuöflun.

Ábyrgð: ÍTR, menningar- og ferðamálasvið.

6. Nýsköpun í ferðaþjónustu og þróun fleiri afþreyingarmöguleika með sérstakri áherslu á ferðamennsku utan háannar. Mikilvægt er að stuðlað sé að metnaðarfullri framþróun í ferðaþjónustu sem auki gæði þjónustu í borginni og auki breidd upplifunar. Leitað verði eftir samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð, Ferðamálastofu, Samtök ferðaþjónustunnar (SAF), kynningarmiðstöðvar listgreina, Hönnunarmiðstöð og aðra lykilaðila um eflingu vörupróunar í reykvískri ferðaþjónustu. Reykjavíkurborg taki frumkvæði í þessu efni á grundvelli ferðamálastefnu borgarinnar.


Ábyrgð: menningar- og ferðamálasvið.

7. Fegrun miðborgar Unnið verði skipulega að fegrun miðborgarinnar með viðhaldi gamalla húsa og endurhönnun á torgum og strætum. Áhersla verði lögð á að gera svæðið frá Hlemmi í austri til gömlu hafnarinnar í vestri að aðlaðandi svæði viðskipta- og þjónustu fyrir borgarbúa og gesti. Lögð verði sérstök áhersla á að gera miðborgina aðgengilega fyrir fatlaða íbúa og ferðamenn.

Ábyrgð: framkvæmda- og eignasvið, skipulagssvið og umhverfissvið.

Mynd: Ragnar Th.





PEKKINGARBORGIN

2.6.1 LEIÐARLJÓS

Reykjavík verði eftirsóknarverður staður til náms og rannsókna og fyrir atvinnustarfsemi sem byggir á mannaði, þekkingarsköpun, fjölmenningu, hátækni og nýsköpun. Borgin tekur hlutverk sitt gagnvart yngstu skólastigunum alvarlega, enda er þar lagður grunnur að góðri og breiðri menntun borgarbúa. Reykjavík leggur áherslu á atvinnuuppbyggingu sem krefst hugvits og menntunar og ber í sér öflugan hvata til nýsköpunar og þróunar. Reykjavík vill skapa sér sterkari samkeppnisstöðu á þeim vettvangi með því að hlúa sérstaklega að uppbyggingu og samstarfi á sviði menntunar, rannsóknarstarfsemi og nýsköpunar og skapa aðlaðandi umhverfi fyrir þekkingariðnað.

2.6.2 LYKILVERKEFNI OG AÐGERÐIR:

1. Vísindaporp í Vatnsmýrinni Reykjavík mun hafa forystu um samstarf að áframhaldandi uppbyggingu vísindapors í Vatnsmýri. Stuðlað verði markvisst að henni með skipulagsaðgerðum, hagkvæmum samgöngum og markaðssetningu svæðisins innan lands og utan. Meðal annars verði kannað hvaða rannsóknarstofnanir ríkisins og skyldar stofnanir geti orðið kjölfesta í rannsóknarklösum á svæðinu.

Ábyrgð: skrifstofa eigna og atvinnuþróunar.

2. Símenntun og starfsþróun. Reykjavíkurborg mun taka virkan þátt í eflingu símenntunar fyrir atvinnulífið. Þá

verði komið á formlegum samstarfsvettvangi um eflingu list-, verk- og tæknimenntunar í grunnskólum borgarinnar með þátttöku fulltrúa atvinnulífs og annarra skólastiga. Símenntun og starfsþróun leik- og grunnskólakennara verði elfd.

Ábyrgð: skóla- og frístundasvið.

3. Klasamyndun Reykjavíkurborg mun styðja við klasamyndun á lykilsviðum þar sem frumkvæði kviknar meðal háskóla, fyrirtækja og annarra þekkingarstofnana.

Ábyrgð: skrifstofa eigna og atvinnuþróunar.

4. Nýsköpunarsjóður námsmanna Reykjavíkurborg mun styðja Nýsköpunarsjóð námsmanna áfram og kanna hvort hann megi nýta sem fyrirmynd á fleiri sviðum.

Ábyrgð: Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar.

5. Erlendir sérfræðingar Til að auðvelda nauðsynlega þátttöku erlendra sérfræðinga í íslensku atvinnulífi mun borgin beita sér fyrir einföldun á viðkomandi löggjöf fyrir erlenda starfsmenn (ex-patriates) og breytingum á skattakerfinu þannig að það verði aðlaðandi fyrir erlenda sérfræðinga að koma hingað til tímabundinna starfa og búsetu.

Ábyrgð: skrifstofa eigna og atvinnuþróunar.

6. Alþjóðlegt skólastarf Reykjavíkurborg mun stuðla að bættri þjónustu við erlenda sérfræðinga og erlenda stúdenta og kanna grundvöll þess að starfrækja alþjóðlega menntun á leik- og grunnskólastigi í því skyni í samstarfi við valda skóla í borginni.

Ábyrgð: skrifstofa eigna og atvinnuþróunar.

7. Leiguhúsnaði Reykjavíkurborg mun beita sér fyrir byggingu leiguhúsnaðis fyrir erlenda stúdenta og sérfræðinga í samstarfi við þá sem þegar eru að sinna þessu.

Ábyrgð: skrifstofa eigna og atvinnuþróunar, skipulagssvið.

8. Leik- og grunnskólar Reykjavíkurborg leggur þunga áherslu á stöðuga framþróun og sköpun í leik- og grunnskólum borgarinnar, að börnum líði þar vel og öðlist tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu.

Ábyrgð: skóla- og frístundasvið.

Barnalist – mynd Sigrún Björnsdóttir





LÍFSGÆÐABORGIN

2.7.1 LEIÐARLJÓS

Reykjavíkurborg styrki stöðu sína sem eftirsóknarverður staður til að búa og starfa. Reykjavíkurborg leggur áherslu á heilbriggt og kraftmikið borgarlíf, félagslegt öryggi, mannréttindi fyrir alla og góða skóla, fjölbreytt menningar-, íþrótt- og frístundastarf, margs konar útivistarmöguleika í borgarlandinu og óskert aðgengi að náttúru. Öflug og örugg miðborg, þétt og blönduð byggð í reykvískum mælikvarða eru meginmarkmið. Lögð verður áhersla á hvatningu til að breyta ferðavenjum og auka hlutvistvænna samgöngumáta eins og almenningssamgangna og hjólríða. Skjólgóð og lífandi almenningsskými eru lykilatriði í lífsgæðaborginni þar sem yfirskriftin er borg fyrir fólk. Hverfi borgarinnar verði í brennidepli og settur verði kraftur í að lífga við hverfakjarna og efla þjónustu í hverfum borgarinnar. Stefnt er að því að auka fjölbreytni í húsnæðisframboði með stuðningi við uppbyggingu almenns og félagslegs leigumarkaðar og fjölgun námsmannaíbúða.

2.7.2 LYKILVERKEFNI OG AÐGERÐIR

2.7.2.1 Umhverfi og lífsgæði í nýju borgarskipulagi

1. Gæðastefna um manngert umhverfi. Gæðastefnu Reykjavíkurborgar á sviði manngerðs umhverfis er ætlað að hvetja til aukinna gæða í umhverfi okkar. Markmiðið með stefnunni er að hið byggða umhverfi Reykjavíkur verði til fyrirmyndar.
Ábyrgð: skipulags- og byggingarsvið.

2. Falleg miðborg Unnið verði skipulega að fegrun miðborgarinnar með viðhaldi gamalla húsa og endurgerð á torgum og strætum. Hlemmur og Laugavegur verði gerðir að aðlaðandi svæði viðskipta og þjónustu fyrir íbúa borgarinnar og gesti. Markmiðið er hrein og örugg miðborg þar sem umhverfið undirstrikar gæði hvernar árstíðar. Mörkuð verður stefna um árstíðabundnar skreytingar og formlegt samstarf við rekstraraðila um ásýnd borgarrýmisins verður sett á laggirnar.
Ábyrgð: skipulags- og byggingarsvið, framkvæmda- og eignasvið, umhverfis- og samgöngusvið, menningar og ferðamálasvið.

3. Gatan sem borgarrými Við endurgerð og viðhald á götum borgarinnar verði þær meðhöndlaðar sem órjúfanlegur hluti borgarrýmisins og taki mið af breyttum ferðavenjum borgarbúa. Með þeim hætti verður dregið úr vægi einkabílsins og götur breytast úr hraðbrautum í líflegar borgargötur.

Ábyrgð: skipulags- og byggingarsvið, framkvæmda- og eignasvið, umhverfis- og samgöngusvið.

4. Borgarvernd Með skýrri stefnu um viðhald og mótun eldri byggðar í borginni þar sem áhersla er lögð á varðveislu byggingararfsins og sögulegrar heildar borgarinnar verður sérstaða miðborgarinnar sýnilegri. Skýrar leikreglur er varða uppbyggingu í miðborginni auðvelda framgang uppbyggingar og skapa sátt.

Ábyrgð: skipulags- og byggingarsvið.

5. Lífleg hverfi Með gerð hverfissskipulags sem miðar að því að gera hverfi Reykjavíkur líflegri og sjálfbærari hvað varðar þjónustu og samgöngur er mótuð sýn um framtíð borgarhverfanna. Settir verða skipulagsskilmálar fyrir hvert byggðamynstur sem auðveldar íbúum að fara í breytingar á húsum sínum í sátt við umhverfið. Hverfissskipulag verður unnið í samráði við íbúa og markmiðið er að þeir hafi mikil áhrif á gerð þess. Hverfissskipulag fyrir alla Reykjavík verður unnið á árunum 2012-2014.

Ábyrgð: skipulags- og byggingarsvið.

6. Vistvæn byggð Markmiðið er að skapa heildrænt yfirlit yfir vistvænar lausnir við skipulag, hönnun og uppbyggingu hverfa, allt frá almennum áherslum um landnotkun og þéttleika byggðar og niður í nánari útfærslu við framkvæmd uppbyggingar. Í aðalskipulaginu verða tilnefnd hverfi þar sem vistvænum áherslum verður fylgt í hvívetna, auk þess sem sett verða fram almenn viðmið um vistvænar áherslur við gerð deiliskipulags og uppbyggingu hverfa. Dæmi um þetta er endurmótun eldri byggðar eins og Elliðaárvangsins þar

sem stefnt er að því að nýtt borgarhverfi þar sem vistvænum áherslum verði fylgt í hvívetna verði komið í uppbyggingu fyrir 2030.

Ábyrgð: skipulags- og byggingarsvið.

7. Ferlimál fatlaðra Við skipulagsgerð og allar framkvæmdir í borginni verði alltaf hugað að ferlimálum fatlaðra.

Ábyrgð: skipulags- og byggingarsvið, umhverfis- og samgöngusvið, framkvæmda- og eignasvið.

2.7.2.2 Heilbrigður húsnæðismarkaður

1. Leiguíbúðir og búseturéttur Stefnt er að því að Reykjavíkurborg stuðli að fjölgun leiguíbúða og búseturéttaríbúða, hvort sem er í eigu húsnæðissamvinnufélaga, félagasamtaka og/eða einkaaðila, einkum á miðlægum svæðum sem auðvelt er að þjóna með almenningssamgöngum. Liður í framfylgd stefnunnar er að kortleggja möguleikana á því að Reykjavíkurborg komi að uppbyggingu langtímaleigumarkaðar.

Ábyrgð: fjármálaskrifstofa, sskipulags- og byggingarsvið, velferðarsvið.

2. Fjölbreytt húsnæði Stefnt er að því að Reykjavíkurborg stuðli að fjölbreyttum búsetukostum í skipulagi, með því að blanda vel ólíkum gerðum húsa og íbúða í nýjum hverfum og á þéttingarsvæðum.

Ábyrgð: skipulags- og byggingarsvið, velferðarsvið

3. Framboð og eftirspurn Stefnt er að því að Reykjavíkurborg tryggi húsnæðisframboð í samræmi við þarfir hverju sinni. Á næstu árum þarf að auka framboð af smærri íbúðum, burtséð frá eignarformi, til að auka val og möguleika tekjuminni hópa og ungs fólks.

Ábyrgð: skipulags- og byggingarsvið, velferðarsvið.





FJÖLBREYTILEIKABORGIN

2.8.1 LEIÐARLJÓS

Reykjavík fagnar fjölbreytileika mannlífsins, en hann er forsenda kraftmikils og skapandi samfélags. Lögð er rík áhersla á að í Reykjavík geti allir íbúar tekið virkan þátt í atvinnulífi og samfélaginu án tillits til uppruna, þjóðernis, lífshátta, trúarbragða, stjórnmálaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu. Reykjavík leggur áherslu á að laða saman ólíka menningarheima, vinna á skapandi hátt gegn staðalmyndum og tryggja jafnrétti komandi kynslóða sem þannig verða betur í stakk búnar fyrir atvinnulífið til lengri tíma lítið. Reykjavík leggur sig fram um að kynna mannréttindastefnu sína gagnvart öðrum sveitarfélögum innanlands sem erlendis og tekur þátt í samstarfsverkefnum og viðburðum því tengdu.

2.8.2 LYKILVERKEFNI OG AÐGERÐIR:

1. Samstarf við Háskóla og fyrirtæki í borginni um að útrýma kynbundnum launamun.

Ábyrgð: mannréttindaskrifstofa.

2. Samstarf við Háskóla og fyrirtæki um átak gegn kynferðislegri áreitni.

Ábyrgð: mannréttindaskrifstofa.

3. Könnuð verði sú hugmynd að setja á stofn Jafnréttisskóla á vegum borgarinnar – sambærilegan við náttúruskólann.

Ábyrgð: mannréttindaskrifstofa.

4. Samstarf, ráðgjöf og stuðningur verði veittur við fyrirtæki til að fara yfir ferlimál, bæði fyrir starsfólk og viðskiptavinum.

Ábyrgð: mannréttindaskrifstofa.

5. Kannaður verði grundvöllur og þörf á jafningjafræðslu innflytjenda – sambærileg við jafningjafræðslu ungmenna.

Ábyrgð: mannréttindaskrifstofa og innflytjendaráð.



HAFNARBORGIN

2.9.1 LEIÐARLJÓS

Sundahöfn er umfangsmesta hafnarsvæði landsins, afar mikilvæg fyrir efnahags- og atvinnulíf Reykjavíkurborgar, höfuðborgarsvæðisins og landsins alls. Áhersla er lögð á að hún þróist á næstu árum sem aðal inn- og útflutningshöfn Íslendinga. Framtíðarþróun Sundahafnarsvæðisins er langtíma verkefni og nauðsynlegt að fylgt verði skarpri framtíðarsýn varðandi þróun og starfsemi á svæðinu til að tryggja hagkvæma og farsæla starfsemi til lengri tíma. Aðgerðir eru á döfinni til að bæta aðstöðu fyrir móttöku stórra skemmtiferðaskipa í Sundahöfn en einnig er gert ráð fyrir að minni skemmtiferðaskip geti áfram lagt við Miðbakka. Á Vesturhafnarsvæðinu er reiknað með áframhaldandi þróun íbúðarbyggðar og blandaðrar atvinnustarfsemi þar sem sjávarútvegur og vinnsla sjávarafurða gegna mikilvægu hlutverki, en einnig margvísleg menningar- og þjónustustarfsemi. Áfram verði unnið markvisst að auknu samstarfi og hagkvæmri verkaskiptingu hafna á svæðinu.

2.9.2 LYKILVERKEFNI OG AÐGERÐIR

Öll verkefni sem falla undir hafnarborgina eru á ábyrgð Faxaflóahafna nema verkefni sem lúta að skipulagi og eru á ábyrgð skipulagssviðs. Atriði sem lúta að samningagerð og þróunarsvæðum í Ártúnshöfða og öðrum atvinnusvæðum eru jafnframt á ábyrgð skrifstofu eigna og atvinnuþróunar.

2.9.2.1 Gamla höfnin

Lifandi fiskihöfn

1. Lokið verði við endurnýjun Norðurgarðs, sem notaður er til löndunar á ferskum fiski, árið 2017.
2. Fasteignirnar Bakkaskemma og Grandaskáli verði miðstöð þjónustufyrirtækja fyrir útgerð og fiskvinnslu (sjávarútvegsklasar). Efri hæð Bakkaskemmu verði endurnýjuð á

árunum 2012 – 2014 og húsnæðið leigt út fyrirtækjum í þjónustu við útgerðarfyrirtæki.

3. Almenn markaðssetning taki mið af Reykjavík sem hafnarborg og ferskleika íslensk fisks. Reykjavík hefur þá sérstöðu meðal höfuðborga við Atlantshaf að státa af öflugri útgerð og fiskvinnslu. M.a. verði merki um vottun íslensks fisks og fiskveiða gert sýnilegt í markaðssetningu Faxaflóahafna sf.

4. Til þess að tryggja bestu þjónustu verði þjónustubættir á svæðinu skoðaðir með reglubundnum hætti, í samvinnu við útgerðir og fiskvinnslur.

Ferðapjónustuhöfn

1. Með uppbyggingu á Mýrargötu- og slippsvæði verði stuðlað að fjölgun fyrirtækja í haftengdri ferðapjónustu í Vesturbugt með uppsetningu á flotbryggjum þar árið 2013-2014, ásamt aðstöðu á landi.

2. Við skipulagningu Mýrargötu og slippsvæðis verði gert ráð fyrir aðstöðu á landi fyrir haftengda ferðapjónustu í Suðurbugt.

3. Tryggð verði aðstaða við Miðbakka fyrir smærri skemmtiferðaskip.

4. Skoðað verði hvort nýta megi suðurhlið Faxagarðs fyrir smærri skemmtiferðaskip og finna viðlegu Landhelgisgæslunnar, Björgunarskóla sjómanna og Hafrannsóknarstofnun annan stað.

Siglingar, útivist, aðgengi almennings og viðburðir

1. Aðstaða fyrir erlendar gestaskútur í Austurbugt verði bætt á árinu 2015.

2. Settar verði upp merkingar við markverða staði í Gömlu höfninni árið 2013.

3. Gengið verði frá göngu- og hjólaleiðum á svæði gömlu hafnarinnar árin 2012 – 2013.

4. Skoðað verði hvort mögulegt sé að gefa áhugaaðilum um sjóböð kost á staðsetningu fyrir rekstur á hafnarböðum í nágrenni Hörpu og Reykjatorgs.

5. Hátíð hafsins verði í auknum mæli kynnt sem vettvangur heimsókna tréskipa til Reykjavíkur. Hefst 2012.



Lóðir og mannvirki

1. Þegar deiliskipulag Mýrargötu- og slippareits liggur fyrir verði í tveimur áföngum gert samkomulag milli Reykjavíkurborgar og Faxaflóahafna sf. um sölu byggingarréttar á svæðinu.
- a. Í fyrsta áfanga kaupir Reykjavíkurborg land á vestari hluta svæðisins ásamt þeim byggingarrétti sem þar verður. Stefnt verði að því að samkomulag um þennan þátt liggi fyrir á árinu 2012.
- b. Á eystri hluta svæðisins haldi Faxaflóahafnir sf. áfram hreinsun svæðisins og landmótun, en að þeim framkvæmdum loknum verði landið selt Reykjavíkurborg ásamt byggingarrétti þar.
2. Samhliða ofangreindu verði dregin lína meðfram strönd Vesturbugar frá Sjóminjasafni að Ægisgarði, sem marki íbúðasvæði Reykjavíkurborgar og hafnarsvæði Gömlu hafnarinnar.

2.9.2.2 SUNDAHÖFN

Flutningahöfn

1. Unnið verði að endurnýjun hafnarbakka með lengingu Skarfabakka (2012-2014), hafnarbakka utan Klepps (2015-2018) og nýjan hafnarbakka í Vatnagörðum (2018-2020) þannig að rými til vöruflutninga verði eins og best verður á kosið.
2. Tryggð verði lóð eða lóðir fyrir kæli- og frystigeymslur í Sundahöfn og stuðlað að byggingu þeirra á svæðinu.
3. Hugað verði að greiðari vegtengingum inn á athafnasvæði Sundahafnar á grundvelli aðalskipulags (2015-2017).
4. Til þess að tryggja bestu þjónustu verði þjónustubættir á svæðinu skoðaðir með reglubundnum hætti, í samvinnu við flutninga- og þjónustuaðila í Sundahöfn.

Fiskur – þjónusta

1. Aðstaða til löndunar á frystum fiski verði bætt á árinu 2012.
2. Haldið verði áfram sérstöku markaðsátaki varðandi löndun á frystum fiski í Reykjavík. Í markaðssetningunni verði lögð áhersla á Reykjavík sem miðstöð fyrir löndun á frystum fiski úr Norður Atlantshafi.

Ferðapjónustuhöfn

1. Þróuð verður áfram aðstaða á landi fyrir móttöku farþega

skemmtiferðaskipa.

2. Tryggð verði aðstaða Viðeyjarferju í Skarfavör.

Umhverfi

1. Unnið verði á tímabilinu 2012 – 2016 að gerð göngu- og hjólastígakerfis frá Klettagörðum að Kleppsmýrarvegi.
2. Trjálundur í landi Klepps verði gerður aðgengilegrí almenningi.
3. Áhugaaðilum um sjósund verði gefinn kostur á að koma upp bættri aðstöðu við Skarfaklett.

2.9.2. HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ – FAXAFLÓI

Grundartangi

1. Sáttmáli verði gerður á milli Faxaflóahafna sf. og sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar (2012) um framtíðaratvinnuuppbyggingu á Grundartanga þar sem grænn iðnaður sem þurfi aðstöðu við höfn, byggi á endurnýtanlegri orku og valdi lágmarks umhverfisáhrifum.

Nágrannahafnir

1. Stefnt verði að sameiningu atvinnuhafna frá Hafnarfirði að Borgarnesi á árinu 2013 í því skyni að stuðla að markvissari starfsemi á hverjum stað, skerpa á markmiðum varðandi landnýtingu, hagkvæmari rekstri og framtíðar fjárfestingum.
2. Leitað verði eftir samningum um samstarf við hafnir við Faxaflóa um ákveðna þætti hafnarþjónustu þar sem slíkt er hagkvæmt.

Ártúnshöfði

1. Stofnað verði þróunarfélag Reykjavíkurborgar og Faxaflóahafna sf. (2012) þar sem eignir beggja aðila í Ártúnshöfða verða lögð inn sem hlutafé. Markmið félagsins (Ártúnshöfði ehf.) verði að þróa þær lóðir sem lagðar verða inn í félagið og vera drifkraftur við þróun svæðisins í samræmi við aðal- og deiliskipulag Reykjavíkurborgar og það rammaskipulag sem liggur fyrir.



SKILGREINING, SÉRHÆFING OG SKIPULAG ATVINNUSVÆÐA

3.1 LEIDARLJÓS TIL 2030: Að skapa vaxtarskilyrði fyrir fjölbreytt og kraftmikið atvinnulíf.

3.2 LYKILADGERÐIR

1. Í nýju aðalskipulagi fyrir Reykjavík verði sett fram markviss stefna um atvinnusvæði og hlutverk hvers svæðis í þróun atvinnulífs. Þar verði tryggð rými fyrir atvinnustarfsemi á sviði sjávarútvegs, iðnaðar, flutninga, verslunar- og þjónustu, viðskipta, stjórnsýslu, hátækni, rannsókna og þekkingar, ferðamennsku, menningar og afþreyingar.

Ábyrgð: skipulags- og byggingarsvið.

2. Í tengslum við skýra afmörkun sérhæfðra atvinnusvæða verði í aðalskipulagi gert ráð fyrir hagkvæmum flutningsleiðum eftir því sem við á og greiðum samgöngutengingum við umheiminn.

Ábyrgð: skipulags- og byggingarsvið.

3. Unnið verði hverfaskipulag þar sem fram kemur heildarsýn um þróun og uppbyggingu í hverju hverfi borgarinnar og auðvelda og flýta uppbyggingu innan þess ramma sem skilgreindur verður.

Ábyrgð: skipulags- og byggingarsvið.

4. Ferill byggingaleyfisumsókna verði einfaldaður og

rafvæddur til að auka gæði og stuðla að markvissri afgreiðslu mála.

Ábyrgð: byggingarfulltrúi, skipulags- og byggingarsvið.

5. Undirbúnað verði nauðsynlegar ákvarðanir um utanumhald með frekari skipulagsvinnu, þróun, uppbyggingu og/eða markaðssetningu valinna þróunarsvæða í samstarfi við viðeigandi hagsmunaaðila, s.s. háskóla og Landspítala (Vatnsmýri) og Faxaflóahafnir (Mýrargata-Slippasvæði og Elliðaárósar-Ártúnshöfði).

Ábyrgð: skrifstofa eigna og atvinnuþróunar, Faxaflóahafnir.

Vakin er athygli á því að yfirstandandi er endurskoðun aðalskipulags Reykjavíkur. Endurskoðunin fylgir lögformlegu ferli sem stefnt er að ljúki með samþykkt nýs aðalskipulags veturinn 2012-13. Kaflinn hér á eftir, sem og aðrar tilvísanir til nýs aðalskipulags í atvinnustefnunni, er birtur með fyrirvara um niðurstöður endurskoðunar aðalskipulagsins eða annarra skipulagsákvarðana sem fylgja lögbundnu ferli.

3.3 GRUNDVALLARSÝN Í AÐALSKIPULAGI

Öflugt atvinnulíf er forsenda þess að borgin vaxi og dafni. Í Reykjavík eru megin atvinnusvæði höfuðborgarsvæðisins og landsins alls hvort sem litið er til starfsemi á sviði hátækni og þekkingar, háskóla, fjármála, verslunar og þjónustu, opinberrar stjórnsýslu, menningar og lista, ferðaþjónustu, flutninga eða iðnaðar. Styrkur atvinnulífsins í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu er fjölbreytni þess. Skynsamlegt er að viðhalda þessari fjölbreytni og skapa vaxtarskilyrði fyrir sem flestar atvinnugreinar. Jafnhliða því er mikilvægt að stuðla að markvissari sérhæfingu svæða innan borgarinnar. Sérhæfð atvinnusvæði auka stöðugleika og skapa samstöðu um umhverfismál og heildaryfirbragð en vistvæn atvinnusvæði eru forsenda þess að auka samkeppnishæfni Reykjavíkur. Auk þess stuðlar sérhæfing atvinnusvæða að samstarfi og klasamyndun fyrirtækja til nýsköpunar og þróunar.






Efning miðborgarinnar sem kjarna stjórnsýslu, verslunar, þjónustu, menningar og ferðaþjónustu, er lykilatriði í að styrkja atvinnulíf höfuðborgarinnar. Myndun klasa menntunar, rannsókna, vísinda og heilbrigðisþjónustu á Vatnsmýrarsvæðinu er einnig grundvallarþáttur í atvinnuþróun borgarinnar. Endurmat á stefnu um hafnarsvæðin með fjölbreyttari starfsemi að leiðarljósi, ekki síst í gömlu höfninni, er enn fremur eitt af meginviðfangsefnum aðalskipulagsins. Staðarval framtíðarsvæðis fyrir iðnaðarhöfn og grófan og landfrekan iðnað er einnig nauðsynlegur þáttur endurskoðunarinnar og forsenda uppbyggingar í Elliðaárvogi og Höfðasvæði.

Höfuðborgarsvæðið er eitt atvinnusvæði og eru áætlanir svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 um atvinnuþróun og húsnæðisþörf atvinnulífsins lagðar til grundvallar við mótnu aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030.

3.4 ATVINNUSVÆÐI, SÉRHÆFING OG FORGANGSRÖÐUN

Lögð verði áhersla á að klára uppbyggingu á þegar skipulögðum atvinnusvæðum, ekki síst á svæðum sem hafa miðlæga legu og í miðborginni. Við deiliskipulag nýrra svæða eða endurskoðun deiliskipulags eldri svæða, verði ávallt horft til stefnu um sérhæfingu atvinnusvæða, áætlaðrar eftirspurnar eftir atvinnuhúsnæði og stefnu um jafnari dreifingu starfa. Sérhæfing atvinnusvæða leiðir til meiri stöðugleika, heildstæðari götummynda og eykur líkur á að klasar fyrirtækja á ákveðnu sviði myndist.

Núverandi atvinnukjarnar verði efldir, með auknu byggingarmagni og kröfum um meiri umhverfisgæði. Einkum verði áhersla á þá sem eru með miðlæga legu. Aukið byggingarmagn tryggir betri nýtingu og skapar grundvöll að frekari sérhæfingu þeirra.



Á miðlægum svæðum víki landfrek og óþrífaleg atvinnustarfsemi fyrir þéttari atvinnu- og íbúðarbyggð. Starfsemi af þessu tagi verði fundinn staður á nýjum sérhæfðum atvinnusvæðum í útjaðri byggðar.

Leitast verði við að jafna sem mest dreifingu starfa og uppbyggingu atvinnukjarna um borgina og tryggja jafnara umferðarflæði á stofnbrautum á álagstímum.

Stuðlað verði að uppbyggingu atvinnusvæða í grennd við íbúðarbyggð og uppbyggingu íbúða í grennd við atvinnukjarna og þannig dregið úr vegalengdum milli heimila og vinnustaða.

3.5 SKIPULAGSSÝN FYRIR HELSTU ATVINNUSVÆÐI REYKJAVÍKUR TIL 2030

Styrkja þarf og ljúka uppbyggingu á sérhæfðum svæðum eins og Borgartúni, áður en ráðist verður í skipulag nýrra atvinnukjarna fyrir skrifstofur. Miklir möguleikar eru á að skapa sterka atvinnukjarna í Skeifunni, Höfðunum og á Keldnalandi þegar til lengri tíma er lítið. Í vinnu við endurskoðun aðal-skipulags Reykjavíkur er gert ráð fyrir nýjum kjörnum í Vatnsmýri sem einkum tengjast rannsóknunum, nýsköpun og háskólunum. Þá er gert ráð fyrir nýjum atvinnusvæðum í útjaðrinum, á Hólmsheiði og á Esjumelum sem er ætlað að taka við landfrekari atvinnustarfsemi sem nú er á miðlægum atvinnusvæðum. Óþrífaleg og mengandi starfsemi verður staðsett á nýju iðnaðarsvæði á Álfsnesi eða annars staðar á höfuðborgarsvæðinu.

3.5.1 Miðborgin

Efla á miðborgina sem kjarna stjórnsýslu, menningar, ferða-

þjónustu, verslunar og þjónustu auk fjölbreyttrar íbúðarbyggðar. Miðborgin verði ávallt fyrsti valkostur við staðarval stjórnsýslu- og menningarstofnana ríkis og borgar.

Á jaðarsvæðum miðborgar, til austurs og vesturs, verði lögð sérstök áhersla á fjölbreytta starfsemi, s.s. á sviði nýsköpunar, hönnunar, lista, matarmenningar og menningar-tengdrar ferðaþjónustu.

Tryggð verði vaxtarskilyrði fyrir kjarnastarfsemi miðborgarinnar og þar með fjölgun starfa í miðborginni. Gætt verði þess að aukning byggingarmagns og þróun byggðar verði í góðu samræmi við hið sögulega byggðamynstur miðborgarinnar (sjá stefnu um Borgarvernd, Verndarsvæði innan Hringbrautar)


3.5.2 Hlemmur-Skeifa-Höfðar-Keldur (miðborgarás til austurs)

Á miðborgarás sem teygir sig frá jaðri miðborgarinnar, við Hlemm, austur í Skeifu og síðar meir í Ártúnshöfða og að landi Keldna, verði stuðlað að frekari þróun og uppbyggingu húsnæðis fyrir fjölbreytta verslunar-, þjónustu- og blandaða starfsemi sem þjónar höfuðborgarsvæðinu og landinu öllu.

Í jaðri miðborgar við Hlemm og um Holtin verði, í bland við íbúðarbyggð, áhersla á fjölbreyttar skrifstofur, hótél, veitingastaði og starfsemi á sviði nýsköpunar, hönnunar, lista, sérvöruslana og smáíðnaðar.

Við Suðurlandsbraut og í Múlum verði áfram unnið að uppbyggingu og þróun skrifstofuhúsnæðis fyrir margvíslega starfsemi, auk fjölbreyttrar verslunar og þjónustu.

Skeifan verði endurskipulögð með aukningu byggingarmagns fyrir skrifstofur og íbúðir. Alhliða verslun og þjónusta, á jarðhæðum bygginga, verður áfram kjarnastarfsemi svæðisins.



Í Súðarvogi verði lögð áhersla á starfsemi á sviði nýsköpunar, hönnunar og smáíðnaðar, auk íbúðabygginga.

Höfðar þróist smám saman, samhliða uppbyggingu íbúðarhúsnæðis við Elliðaárvoginn, sem fjölbreytt atvinnusvæði skrifstofa, verslana og þjónustu auk smáíðnaðar. Landfrekur og mengandi iðnaður vísir af svæðinu.

3.5.3 Suðurbugt-Mýrargata-Grandagarður (miðborgarás til vesturs)

Á miðborgarás sem teygir sig frá jaðri miðborgarinnar við Suðurbugt, um Slippsvæði og vestur á Grandagarð verði þróuð fjölbreytt miðborgarstarfsemi sem tekur mið af nálægð við sjávarsíðuna.

Á svæðinu verði einkum lögð áhersla á fjölbreytta starfsemi á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu, matarmenningar, hönnunar, lista og nýsköpunar auk fjölbreyttrar verslunar, þjónustu og íbúðabygginga.

Uppbygging taki mið af markmiðum rammaskipulags svæðisins frá Örfirisey að Austurhöfn.

3.5.4 Vatnsmýrin. Vaxtarpóll á sviði rannsókna, hátækni og nýsköpunar

Á atvinnusvæðum í Vatnsmýri er lögð höfuðáhersla á uppbyggingu og þróun háskóla og rannsóknastarfsemi, fyrirtækja og stofnana á sviði hátækni og nýsköpunar, heilbrigðisvísinda og líftækni og heilbrigðisþjónustu. Auk þess er gert ráð fyrir almennri verslun og þjónustu, sem styður við kjarnastarfsemina og íbúðum, þ.m.t. umtalsverðri byggingu stúdentaíbúða.

Fjölbreytt uppbygging á þessum sviðum, á svæðum við Háskóla Íslands við Suðurgötu, á Vísindagarðasvæðinu við Njarðargötu, svæði NLSH við Hringbraut, Hlíðarendasvæðinu og við Háskólann í Reykjavík við Öskjuhlíð, mun gera það að verkum að í Vatnsmýri myndast smám saman öflugur kjarni

sem getur orðið vaxtarþóll framtíðaruppbyggingar atvinnu í Reykjavík, á höfuðborgarsvæðinu og landinu öllu.

Jafnhliða atvinnuuppbyggingu á einstökum svæðum í Vatnsmýrinni þarf að tryggja öflug innbyrðis tengsl svæðanna, tengsl þeirra við útivistarsvæði, nálæg íbúðarhverfi og miðborgina.

Skipulag og uppbygging atvinnukjarna taki mið af markmiðum um heildarskipulag Vatnsmýrar.

3.5.5 Borgartún-Kirkjusandur

Stuðlað verði að frekari þróun og uppbyggingu starfsemi á sviði fjármála, viðskipta, ráðgjafar og stjórnsýslu, auk almenningar verslunar, þjónustu og íbúða. Í skipulagi svæðanna verði gerðar ákveðnar gæðakröfur um hönnun bygginga og ekki síður umhverfisins milli þeirra.

Lögd verði áhersla á að klára uppbyggingu við Borgartún, með frekari sérhæfingu svæðisins og endurhönnun í huga, áður en ráðist er í þróun nýrra skrifstofusvæða.

3.5.6 Atvinnusvæði á Hólmsheiði, Grundartanga og Hellisheiði. Önnur sérhæfð atvinnusvæði

Reykjavíkurbærinn verði tryggð vaxtarskilyrði í Örfirisey, Sundahöfn, Gufunesi (til 2030) og Álfnesi, til að mæta framtíðarþörfum vöruflutninga, hafnsækinna starfsemi og sjávarútvegs.

Sett verði fram skýr stefna um mismunandi hlutverk hafna innan Reykjavíkur og landþörf þeirra, grundvölluð á greiningu á líklegum vexti í vöruflutningum, sjávarútvegi og hafnsækinni starfsemi.

Sköpuð verði vaxtarskilyrði fyrir hefðbundinn iðnað, vörugeymslur og aðra landfreka og óþrífalega starfsemi á


nýjum svæðum í jaðri borgarinnar á Esjumelum og á Álfnesi. Í Hólmsheiði verði einnig gert ráð fyrir iðnaði, vörugeymslur og landfrekri starfsemi, en þar verði áhersla á þrífalega og umhverfisvæna starfsemi.

Orkuveita Reykjavíkur lítur svo á að öll atvinnusköpun sem á sér stað innan 30 km. fjarlægðar frá Reykjavík leiði til jákvæðra áhrifa á atvinnulíf á höfuðborgarsvæðinu. Hugsanlega má skoða þau svæði í borginni sem eru til umfjöllunar vegna skipulags atvinnu- og iðnaðarsvæða, með tilliti til þess hvar styrkleikar OR til afhendingar á orku og vatni liggja. Með því móti er fyrirfram ljóst um styrkleikana og þær upplýsingar má nota til markaðssetningar. Meðal skipulagðra athafnasvæða utan höfuðborgarinnar sem þá koma til skoðunar fyrir grænan iðnað eru athafnasvæði Faxaflóahafna, t.d. á Grundartanga, og iðnaðarsvæði við Hellisheiðarvirkjun.

Orkuveita Reykjavíkur á mikið land á Hellisheiði og í nágrenni Hellisheiðarvirkjunar. Þar er nýlega búið að skipuleggja 150 hektara landsvæði sem iðnaðarsvæði. Ætlunin er að laða meðalstór og stór fyrirtæki á svæðið sem nýta fjölbættar afurðir virkjunarinnar. Auk áðurgreindra afurða, rafmagns, heits og kalds vatns og gagnaflutninga, bætist við gufa, skiljuvatn og hugsanlega jarðhitalofttegundir. Taka þarf mið af þessari uppbyggingu í nýju svæðisskipulagi fyrir höfuðborgarsvæðið.

Innan borgarmarkanna er jarðhitasvæði sem nýta mætti til framleiðslu á 10-15 megavöttum rafafis. Það er Laugarnessvæðið, sem um liðlega 80 ára skeið hefur eingöngu verið virkjað til húshitunar. Taka þarf afstöðu til þessa tækifæris við framtíðarskipulag svæðisins.

Laugarnes - kort frá 1927-'35





AÐGERÐIR Í MÁLEFNUM ATVINNULAUSRA – VIRKNI- OG VINNUMARKAÐSAÐGERÐIR

4.1 LEIÐARLJÓS

Að stuðla að fullri atvinnu er lykilmál og stefna Reykjavíkur. Við núverandi aðstæður er forgangsmál að fyrirbyggja langtímaatvinnuleysi og grípa strax til aðgerða vegna atvinnuleysis ungs fólks á aldrinum 18-29 ára. Leitast verður við að bjóða ungu atvinnulausu fólki störf, starfsþjálfun, námstækifæri, sérstök fræðslu- og virkniverkefni eða aðra möguleika sem leiði til atvinnuþátttöku og/eða áframhaldandi náms. Markmiðið er að allir borgarar fái tækifæri til vinnu, hafi þannig hlutverki að gegna og geti lagt sitt af mörkum til samfélagsins. Tryggt verður að innan 1-2 mánaða við upphaf atvinnuleysis sé ungu fólki boðin atvinna eða aðrar leiðir til að efla atvinnulaust ungt fólk í sérstökum fræðslu-

og virkniverkefnum sem leiði til atvinnuþátttöku og/eða áframhaldandi náms. Áhersla verði lögð á að fólk með skerta starfsgetu, fatlaðir og innflytjendur njóti sömu þjónustu og aðrir með það að markmiðið að jafna tækifæri þeirra á við aðra til atvinnuþátttöku. Mannréttindi og kynjajafnrétti verði leiðarljós í öllum vinnumarkaðsaðgerðum borgarinnar.

4.2 LYKILVERKEFNI OG AÐGERÐIR

4.2.1 Ungt fólk

1. Atvinnutorg Atvinnutorg, áfangi I, verði þróunarverkefni til þriggja ára. Markmið er að efla atvinnufærni ungmenna

með starfsþjálfun og tímabundnum ráðningum hjá Reykjavíkurborg. Sérstakur markhópur er ungt atvinnulaust fólk með fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg og án bótaréttar hjá Vinnumálastofnun. Samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, velferðarráðuneytisins og Vinnumálastofnunar höfuðborgarsvæðisins. Verkefnið hófst um áramótin 2011-2012.

Ábyrgð: velferðarsvið.

2. Starfsþjálfun og starfsnám Í tengslum við Atvinnutorg býður Reykjavíkurborg upp á starfsþjálfun og tímabundin störf fyrir ungmenni sem fá fjárhagsaðstoð til að efla vinnufærni þeirra og veita þeim starfsreynslu.

Ábyrgð: velferðarsvið.

3. Námskeið fyrir unga atvinnuleitendur

Samstarfsverkefni Hins hússins og Vinnumála-stofnunar.

Ábyrgð: ÍTR.

4. Virknibrú Námskeið fyrir 18-24 ára sem njóta fjárhagsaðstoðar frá Reykjavíkurborg. Markmið er að rjúfa einangrun, styðja og hvetja til þátttöku í úrræðum.

Ábyrgð: velferðarsvið.

5. Starfskraftur Verkefni í umsjá þjónustumiðstöðvar Breiðholts til sjálfstyrkingar fyrir unga brottfallsnema með námi og vinnu. Samstarfsverkefni Velferðarsviðs og Námsflokka Reykjavíkur.

6. Sumarstörf til virkni Skilgreindur verði forgangur til sumarstarfa hjá borginni fyrir þá sem hafa fengið framfærslu hjá Reykjavíkurborg vegna náms og eru án vinnu.

Ábyrgð: ÍTR og velferðarsvið.

4.2.2 Almennar vinnumarkaðsaðgerðir

1. Vinnandi vegur Í upphafi árs 2012 tók Reykjavíkurborg virkan þátt í að bjóða 1.500 úr þeim stóra hópi sem er langtímaatvinnulaus starfstilboð með stuðningi Vinnumála-stofnunar, undir yfirskriftinni Vinnandi vegur. Reykjavíkurborg lagði fram allt að 350 störf. Áhersla er lögð á að tryggja kynja- og mannréttindasjónarmiða við útfærslu verkefnisins.

Ábyrgð: stýrihópur undir forystu borgarritara.

2. Samstarf við Vinnumálastofnun Atvinnuleitendur sem ekki eiga rétt til atvinnuleysisbóta og þiggja fjárhagsaðstoð frá borginni eiga kost á ýmsum námskeiðum hjá Vinnumála-stofnun. Tilvísanir gegnum þjónustumiðstöðvar.

Ábyrgð: mannauðsskrifstofa.

3. Átaksverkefni og starfsnám Reykjavíkurborg bjóði atvinnuleitendum tímabundin störf við átaksverkefni og við starfsþjálfun í samvinnu við Vinnumálastofnun.

Ábyrgð: mannauðsskrifstofa.

4. Átaksverkefni á framkvæmdaáætlun Útfærðar verði leiðir í samvinnu við Vinnumálastofnun til þess að verkefni á

framkvæmdaáætlun Reykjavíkurborgar verði í sem mestum mæli unnin af einstaklingum af atvinnuleysissskrá.

Ábyrgð: framkvæmda- og eignasvið.

5. Virknisjóður Sjóðurinn veitir styrki til verkefna sem hvetja til virkni atvinnuleitenda með fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg.

Ábyrgð: velferðarsvið.

6. Atvinna fyrir fólk með skerta starfsgetu Unnið verði áfram með samvinnuverkefni AMS (Atvinna með stuðningi) og leitað samvinnu við hagsmunasamtök um atvinnuúrræði fyrir fatlaða og aðra með skerta starfsgetu.

Ábyrgð: mannauðsskrifstofa.

7. Atvinnutorg Atvinnutorg áfangi II, verði þróunarverkefni til þriggja ára og er stefnt að því að það hefjist um áramót 2012-13. Markmið er að efla atvinnufærni einstaklinga sem fengið hafa fjárhagsaðstoð sér til framfærslu með starfsþjálfun og tímabundnum ráðningum hjá Reykjavíkurborg. Markhópur er einstaklingar eldri en 25 ára með fjárhagsaðstoð hjá Reykjavíkurborg og án bótaréttar frá Vinnumálastofnun. Byggt verði á reynslu af Atvinnutorgi áfanga I við undirbúning og þróun þessa áfanga. Leitað verður eftir samstarfi við velferðarráðuneytið og Vinnumálastofnun.

Ábyrgð: velferðarskrifstofa og mannauðsskrifstofa.

8. Nýsköpun og markaðssókn Samstarf við Vinnumála-stofnun um lengri starfsþjálfunarsamninga við atvinnulausa til að þróa nýsköpunarverkefni eða vinna að markaðssókn erlendis.

Ábyrgð: mannauðsskrifstofa.

9. Betri þjónusta Reykjavíkurborg hefur það að leiðarljósi að gera þjónustu við fólk sem er án atvinnu markvissari og betri með það að markmiði að allir geti haft hlutverk og lagt sitt af mörkum til samfélagsins.

Ábyrgð: velferðarsvið, mannauðsskrifstofa.





FJÁRFESTINGASTEFNA REYKJAVÍKURBORGAR

5.1 AÐGERÐIR TIL AÐ ÖRVA FJÁRFESTINGU

1. Til að laða að og auka innlenda og erlenda fjárfestingu verði kortlagt hvaða almennu ívilnanir má veita skv. lögum um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi og mörkuð stefna fyrir markaðssetningu Reykjavíkur á þeim grunni. Markaðssetningin taki mið af atvinnustefnu Reykjavíkur, samkeppnissjónarmiðum, skilgreiningu atvinnusvæða og áætlun um úthlutun og skipulag lóða undir áhugaverða starfsemi. Í kjölfarið verði viðkomandi svæði markaðssett í samvinnu við fjárfestingarsvið Íslandsstofu og fleiri aðila

og þeirri markaðssetningu eftir atvikum beint að ákveðnum fyrirtækjum, atvinnugreinum og mörkuðum.

Ábyrgð: skrifstofa eigna og atvinnuþróunar.

2. Undirbúnar verði nauðsynlegar ákvarðanir um utanumhald með frekari skipulagsvinnu, þróun, uppbyggingu og/ eða markaðssetningu valinna þróunarsvæða í samstarfi við viðeigendi hagsmunaaðila, s.s. háskóla og Landspítala (Vatnsmyri) og Faxaflóahafnir (Mýrargata-Slippið og Elliðaárósar-Ártúnshöfði).

Ábyrgð: skrifstofa eigna og atvinnuþróunar.

3. Byggt verði upp markvisst samstarf við langtímafjárfesta sem vilja taka þátt í þróun á ð fjölbreyttum húsnæðismarkaði í Reykjavík í samræmi við húsnæðisstefnu borgarinnar. Samstarfsmöguleikar verði valdir í kjölfar úttektar á bestu leiðum í því efni sem nú stendur yfir. Sérstaklega verði hugað að möguleikum á skipulagi og uppbyggingu lítilla og meðalstórra íbúða til kaups eða leigu, sem væru vel staðsettar og á viðráðanlegu verði.

Ábyrgð: skipulagssvið, skrifstofa eigna og atvinnuþróunar.

4. Greitt verði fyrir markvissri uppbyggingu í þágu einstakra lykilgreina í atvinnustefnunni, s.s. skapandi greina, þekkingariðnaðar og ferðaþjónustu í samræmi við mat á vexti viðkomandi greina og raunverulegrar eftirspurnar. Sérstök kortlagning fari fram á því hvar uppbygging á gistirýmum og hótélum fari best í borgarlandinu í ljósi fyrirsjáanlegrar farþegaaukningar og eftirspurnar í því efni.

Ábyrgð: skipulagssvið, skrifstofa eigna og atvinnuþróunar.

5. Unnið verði með Evrópska fjárfestingabankanum að því að flýta fjárfestingum í grænum innviðum, s.s. hjólreiðastígum og orkuskiptum í samgöngum, undir merkjum svo kallaðs ELENA-verkefnis.

Ábyrgð: umhverfis- og samgöngusvið, skrifstofa eigna og atvinnuþróunar, fjármálaskrifstofa.

5.2 FJÁRFESTINGAÁÆTLUN REYKJAVÍKURBORGAR (BORGARSJÓÐS)

1. Fjárfestingaráætlun borgarinnar skal styðja við atvinnustefnu Reykjavíkur og grunnþjónustu borgarinnar. Hún er jafnframt tæki til að hrinda nýju aðalskipulagi og niðurstöðum úr hverfisskipulagi í framkvæmd þar sem skilgreind verði þau atriði á hverjum stað sem lúta að sjálfbærri borgarþróun, uppbyggingu, þjónustu og auknum lífsgæðum.

Ábyrgð: skrifstofa eigna og atvinnuþróunar, framkvæmda- og eignasvið.

2. Árin 2012-2016 verði lögð sérstök áhersla á að innleiða vistvænar samgöngur, endurnýja sundlaugar borgarinnar og gera vel við almenningsrými, torg og opin svæði í öllum hverfum borgarinnar.

Ábyrgð: skrifstofa eigna og atvinnuþróunar, framkvæmda- og eignasvið í samstarfi við viðeignadi fagsvið.

3. Við mat og forgangsörðun fjárfestingarkosta skal horfa jafnt til atvinnusköpunar, arðsemi og jákvæðra samfélagslegra áhrifa. Sérstaklega verði leitað leiða til að ráðast í framkvæmdir sem styðja við sóknarfæri í vinnulífi borgarinnar, þéttingu byggðar og/eða gera borgarlífið heilbrigðara, öruggara, skemmtilegra og meira skapandi.

Ábyrgð: skrifstofa eigna og atvinnuþróunar, framkvæmda- og eignasvið.

4. Í hverju verki skal leita hagkvæmstu lausna hverju

sinni. Stutt verði við íslenska hönnun og hugvit með samkeppnum og hugmyndaleit þar sem því verður við komið. Leitast skal við að innleiða ferli við hönnun mannvirkja sem stuðla að sjálfbærni þeirra. Innkaupa og útboðsreglum skal fylgja í hvívetna með áherslu á vistvæn innkaup, jafnræði og mannréttindi.

Ábyrgð: skrifstofa eigna og atvinnuþróunar, innkaupaskrifstofa, framkvæmda- og eignasvið.

5. Á meðan samdráttar gætir í framkvæmdum í samfélaginu skal forgangsraðað í þágu mannaflsfrekra verkefna, s.s. tímabærs viðhalds fasteigna og bætts aðgengis fyrir fatlaða.

Ábyrgð: skrifstofa eigna og atvinnuþróunar, framkvæmda- og eignasvið.

6. Framkvæmdum sem leiða af sér aukinn rekstrarkostnað verði stillt í hóf eða frestað.

Ábyrgð: skrifstofa eigna og atvinnuþróunar, framkvæmda- og eignasvið.

7. Framkvæmdir sem skapað geta tekjur eða lækkað kostnað borgarinnar til skemmri eða lengri tíma, eru forgangsverkefni.


Ábyrgð: skrifstofa eigna og atvinnuþróunar, framkvæmda- og eignasvið.


8. Framkvæmdasjá borgarinnar verði þróuð áfram til að auka enn á upplýsingar og gagnsæi varðandi fjárfestingar borgarinnar. Einnig verði komið upp ábendingavef um nauðsynlegar viðhaldsframkvæmdir og fylgst með tillögum sem fram koma á „Betri Reykjavík“.

Ábyrgð: framkvæmda- og eignasvið.

9. Áfram verði þróaðar leiðir til að íbúar og hverfi geti haft bein áhrif á forgangsörðun framkvæmda innan síns hverfis.

Ábyrgð: framkvæmda- og eignasvið.





GREINARGERÐ MEÐ ATVINNUSTEFNU REYKJAVÍKUR

6.1 INNGANGUR

Í þessari greinargerð er greint frá helstu rökum og bakgrunns-
gögnum atvinnustefnu Reykjavíkurborgar og meðfylgjandi
aðgerðaráætlunar sem hér er sett fram undir yfirskriftinni
Reykjavík-Skapandi borg. Stefnan sprettur af þrennu:

1. samráði, greiningu og undirbúningi atvinnustefnu
Reykjavíkur sem staðið hefur undanfarin misseri,
2. samráði, greiningu og undirbúningi aðalskipulags
Reykjavíkur sem staðið hefur undanfarin ár,
3. samþykktari stefnumótun borgarinnar í hinum ýmsu
málaflokkum, aðgerðaráætlunum sviða og fyrirtækja
borgarinnar.

Á fundi borgarstjórnar 21. september 2010 var samþykkt
tillaga um mótun atvinnustefnu fyrir Reykjavíkurborg sem

fæli í sér það markmið að skilgreina stöðu, styrkleika og
sóknarfæri atvinnulífsins í borginni og áætlun um hvernig
Reykjavíkurborg gæti stuðlað að aukinni samkeppnishæfni
og uppbyggingu blómlegs atvinnulífs í framtíðinni. Jafnframt
gerði tillagan ráð fyrir að í kjölfarið yrði ráðist í þau verkefni
og aðgerðir sem af atvinnustefnunni leiddu í samstarfi við
atvinnulífið, nágrannasveitarfélög og ríkið.

Borgarstjórn vísaði verkefninu til svokallaðs aðgerðarhóps og
var ráðgjafafyrirtækið Expectus fengið til samstarfs í upphafi
stefnumótunarvinnunnar. Verkefninu var skipt upp í fimm
verkpætti:

1. Greiningarskýrsla
2. Vinnufundur með kjörnum fulltrúum, lykilstjórn
endum og embættismönnum Reykjavíkurborgar
3. Samráð við helstu hagsmunaaðila
4. Unnið úr hugmyndum að aðgerðum, tillögum og
ábendingum
5. Skýrslugerð, kynning og lokafrágangur

Við gerð greiningarskýrslunnar var safnað saman á einn stað greiningum og öðrum upplýsingum sem komið gátu að gagni við mótun atvinnustefnu borgarinnar. Upplýsingarnar komu frá ýmsum aðilum, en áttu það sameiginlegt að tengjast atvinnumálum og stefnumótun málaflökkans. Greiningarskýrslan var síðan send þátttakendum í væntanlegum vinnufundi þeim til glöggvunar.

Þann 9. nóvember 2010 var síðan boðað til vinnufundar þar sem saman komu kjörnir fulltrúar og lykilstjórnendur borgarinnar. Á vinnufundinum var farin stutt yfirferð yfir greiningarskýrsluna og að því búnu var unnið í hópum að því að fara skipulega yfir þau sóknarfæri sem fyrir liggja, þeim forgangsraðað og sett fram drög að tímasettri aðgerðaráætlun. Þeir málaflökkar sem til umræðu voru:

1. Rekstrarumhverfið
2. Stuðningur við atvinnulífið
3. Nýsköpun
4. Skipulagsmál
5. Reykjavíkurborg sem drifkraftur vaxtar

Að fundinum loknum var tekin saman áfangaskýrsla og drög að atvinnustefnu.

Að því loknu hófst víðtækt samráðsferli þar sem fundað var með fulltrúum fjölmargra hagsmunaaðila. Markmið samráðsfundanna var að kynna drög að atvinnustefnu borgarinnar og kynna viðhorfum hagsmunaaðila, varpa ljósi á það sem vel er gert og það sem betur má fara. Sérstaklega var óskað eftir ábendingum um aðgerðir, verkefni og leiðir til að ná fram markmiðum og framtíðarsýn borgarinnar. Í kjölfar þess að aðgerðahópur var lagður af skipaði borgarstjóri nýjan starfshóp til að ljúka mótun atvinnustefnu og nýsköpunarstefnu fyrir Reykjavíkurborg auk þess sem honum var falið að fylgjast með þróun atvinnuleysis í borginni og samhæfa og samræma aðgerðir þar að lútandi. Bjarni Daníelsson hefur verið verkefnisstjóri um mótun atvinnustefnu frá september 2011.

6.2 MARKMIÐ ATVINNUSTEFNU OG ÖNNUR STEFNUMÖRKUN

Markmið atvinnustefnunnar Reykjavík - Skapandi borg varða einkum framtíð og þróun alls atvinnulífs í borginni á komandi árum en einnig rekstur og starfsemi borgarinnar. Það felst í stefnunni að til að ná settum markmiðum um fjölbreytni, þróun og nýsköpun í atvinnulífinu þarf að byggja upp í bráð og lengd náið samráð og samstarf milli margra aðila sem gegna lykilhlutverkum í atvinnuþróun. Má þar nefna ríki og nágrannasveitarfélög, en höfuðborgarsvæðið er eitt atvinnusvæði, háskóla, rannsóknarstofnanir og stofnanir á sviði þróunar, nýsköpunar og fjárfestinga, einstök fyrirtæki og ýmsa hagsmunaaðila atvinnulífsins. Reykjavíkurborg þarf að vera virk í að móta og rækta þessi tengsl og ekki síður í að kynna atvinnustefnuna innan lands og utan og gera ráðstafanir til að fylgja henni eftir með markvissum hætti.

Í samræmi við samþykkt borgarstjórnar liggur greining til

grundvallar atvinnustefnunnar. Gögn þau sem farið hefur verið í gegnum eru m.a. sviðsmyndir fyrir Reykjavík, drög að sóknaráætlun Reykjavíkur, greiningarskýrsla sem unnin var fyrir þjóðfund á höfuðborgarsvæðinu á vegum sóknaráætlunar fyrir Ísland, niðurstöður þjóðfundar og gögn sem safnað hefur verið við undirbúning tillögu að aðalskipulagi Reykjavíkur.

Við undirbúning atvinnustefnunnar var þó jafnframt byggt á annarri stefnumótunarvinnu sem unnin hefur verið innan borgarkerfisins á undanförnum misserum, m.a. á sviði skipulagsmála en stuðst var við hugmyndir og greiningu varðandi þróun og aðstöðuþörf atvinnulífsins sem unnið er með í tengslum við endurskoðun aðalskipulags borgarinnar. Þar er lögð megináhersla á þéttingu og blöndun byggðar auk þess sem gert er ráð fyrir sérhæfðum svæðum fyrir ólíka atvinnustarfsemi. Jafnframt hefur verið höfð til hliðsjónar sú stefnumótun sem fram hefur farið á ýmsum sviðum innan borgarkerfisins og á landsvísu. Má þar nefna eftirfarandi (ekki tæmandi listi): *Reykjavík í mótun – Stefnumótun til sjálfbærni 2015, Samgöngustefna (2006), Styrkar stoðir – Ferðamálastefna 2011-2020, Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar (2006), Húsnæðisstefna til 2020, Menn-ingarstefna 2009-2012 og sóknaráætlunin Skrefi á undan – Reykjavík 2020*, en hún var undanfari sóknaráætlunar á landsvísu sem unnin var undir heitinu *Ísland 2020 – sókn fyrir atvinnulíf og samfélag: Þekking, sjálfbærni, velferð*. Þótt þessar stefnur fjalli um ólík viðfangsefni byggjast þær allar á líkri framtíðarsýn um réttlátt og sjálfbært samfélag þar sem gott er að búa, vinna og vera gestur.

Hugtök varðandi græna, vistvæna og sjálfbæra þróun eru notuð í ýmsu samhengi í atvinnustefnunni Skapandi borg. Merking þessara hugtaka byggist á þeirri stefnu sem Reykjavíkurborg hefur markað sér um þróun sjálfbærs samfélags á grunni *Staðardagskrár 21*. Stefnan grundvallast í aðalatriðum á tveimur þáttum: Annars vegar á víðtæku samráði fjölmargra aðila innan og utan borgarkerfisins, sérfræðinga, hagsmunaaðila og íbúa. Hins vegar byggir stefnan á svonefndum Álaborgarskuldbindingum sem Reykjavíkurborg er aðili að og er grundvallarplagg til viðmiðunar fyrir pólitíska stefnumótun í umhverfismálum í Evrópu. Hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar er því sameiginlegur grunnur allrar stefnumótunar Reykjavíkurborgar í umhverfismálum, þar með talið varðandi atvinnumál.

Því fylgir að Reykjavíkurborg leggur mikla áherslu á þverfaglegt samráð og samstarf innan borgarkerfisins og utan við útfærslu og úrlausn viðfangsefna á sviði atvinnumála. Borgin leggur mikla áherslu á gott samstarf við aðila vinnu-markaðarins um eftirfylgni við atvinnustefnuna.

Rétt er einnig að nefna sérstaklega að mannréttindastefna Reykjavíkurborgar er ein af grunnstoðunum sem atvinnustefnan byggir á. Með henni hafa borgaryfirvöld skuldbundið sig til að vinna að mannréttindum á fjórum meginsviðum í starfsemi borgarinnar þ.e. sem stjórnvald, sem atvinnurekandi, sem þjónustuveitandi og sem samstarfsaðili þeirra sem vilja beita sér í þágu mannréttinda. Þá skal tryggja að Reykjavíkurborg setji inn í alla samninga sem gerðir eru á hvaða sviði sem er að viðsejendur skuli fylgja mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.

6.3 FORSENDUR VAXTAR OG ATVINNUÞRÓUNAR

Eftirfarandi töflur eru sóttar í Drög að greiningarskýrslu vegna undirbúnings að mótun atvinnustefnu (Expectus, nóvember 2010). Hér er fjallað um forsendur vaxtar í Reykjavík og borið saman við aðrar borgir / önnur svæði.

Samkeppnisforskot gagnvart erlendum borgum

- | | |
|---|---|
| ✓ Nyrsta höfuðborg heims | ✓ Höfuðborg með fjölbreyttu atvinnulífi |
| ✓ Miðstöð í Norður-Atlantshafi | ✓ Þróað heilbrigðiskerfi |
| ✓ Hreint loft, hreint vatn, hrein orka | ✓ Gott menntakerfi – háskólaborg |
| ✓ Nálægð við náttúru – hin náttúrulega umgjörð | ✓ Öflugt velferðarkerfi |
| ✓ Hefur sérstöðu –náttúra, saga, menning- ferðamannaborg | ✓ Góð hverfi, öflugt félagsstarf, friðsælt |
| ✓ Menningarborg – miklir möguleikar í afþreyingu-og tónlistariðnaði | ✓ Stjórnsýslumiðstöð-stofnanaborg (afleidd þekkingarstarfsemi, menntað vinnuafli, standa kreppur að jafnaði betur af sér) |
| ✓ Lifandi og skemmtileg miðborg – sérstök, áhugaverð | ✓ Miðstöð viðskipta og vöruflutninga |
| ✓ Hátt hlutfall menntaðs fólks (hlutfall creative class er tiltölulega hátt?) | ✓ Mikilvæg höfn í N-Atlantshafi |
| ✓ Frjálstlynt samfélag – hátt hlutfall yngra fólks (20-35 ára) | ✓ Mikilvægt flugumferðarsvæði í N-Atlantshafi |



Veikleikar gagnvart erlendum borgum

- ✓ Landfræðilega afskekkt, einangrun, fjarlægð frá markaði (vaxandi samgöngukostnaður, umhverfisáhrif flugsamgangna – á móti kemur bætt upplýsingatækni/samskipti)
- ✓ Alþjóðlegur flugvöllur of langt í burtu?
- ✓ Nógu virkur þátttakandi í alþjóðasamfélaginu?
- ✓ Veðurfar - kostur á tímum global warming
- ✓ Náttúruvá
- ✓ Tungumálið – lítill menningarheimur
- ✓ Einsleitt samfélag – síður móttækilegt fyrir fjölmenningsamfélaginu?
- ✓ Bakland innanlands sérlega lítið hvað varðar fólksfjölda
- ✓ Gæði byggðar í Reykjavík misjöfn – of dreifð byggð og einsleit landnotkun (dregur ekki að sér menntaða heimsborgara?) – skortur á þéttri borgarbyggð með gæðum í umhverfinu
- ✓ Einhæfar samgöngur og óvistvænar
- ✓ Ósamtinga höfuðborgarsvæði – of mörg sveitarfélög – skortur á samvinnu í skipulags- og atvinnumálum

Samkeppnisforskot gagnvart íslenskum sveitarfélögum

- ✓ Höfuðborg;
- ✓ Sterk fjárhagsstaða borgarsjóðs
- ✓ Hagstæð aldursamsetning íbúa
- ✓ Hátt menntunarstig vinnuafis
- ✓ Sterkar menntastofnanir
- ✓ Öflug velferðarþjónusta
- ✓ Mikið menningarframboð
- ✓ Góð veitingahús og hótél
- ✓ Tónlistar- og ráðstefnumiðstöð
- ✓ Söguleg miðborg
- ✓ Mikið ónotað land undir íbúðir og atvinnustarfsemi
- ✓ Lítið af ónotuðu húsnæði
- ✓ Öflug miðsvæði, atvinnu-kjarnar og hafnarsvæði
- ✓ Þéttari og blandaðri byggð með styttri vegalengdir milli staða
- ✓ Græn borg. Gæði í útivistarsvæðum / skipulag útivistarsvæða / betri hjólastígar

Mynd: Páll Kjartansson.



6.4 HLUTVERK REYKJAVÍKUR Í ATVINNUMÁLUM OG MIKILVÆGI ATVINNUSTEFNU

Reykjavík gegnir leiðandi hlutverki í efnahagslífi og atvinnuþróun fyrir allt landið. Flest íslensk fyrirtæki eru starfandi í Reykjavík og velta nýstofnaðra fyrirtækja vex hraðar þar en annars staðar á landinu. Það er því á ábyrgð Reykjavíkurborgar að vera aflvaki nýsköpunar í atvinnulífinu og miðstöð nýrra og verðmætra starfa. Mannauður, skapandi þekking og hátækni gegna lykilhlutverki í því samhengi, ekki síst með tilliti til þess að Reykjavík er í alþjóðlegri samkeppni um ný fyrirtæki og verðmætaskapandi atvinnustarfsemi.

Fyrir þá þróun sem stefnt er að er afar mikilvægt að umgjörð og aðbúnaður atvinnulífsins séu vel skilgreind, hvort sem um er að ræða nýja starfsemi eða rótgróna. Það er ekki síður mikilvægt fyrir framtíðarþróun atvinnulífs í borginni að þar sé gott að búa og gott að vera gestur. Að því er markvisst unnið með stefnumótun á ýmsum sviðum í starfsemi borgarinnar sem áður er nefnd og að því er stefnt með samræmdri aðgerðaáætlun borgarinnar sem lýst er í þessari greinargerð hér að neðan.

Reykjavíkurborg hefur með þessari stefnumótun sett atvinnumál á oddinn, m.a. í ljósi þeirra aðstæðna sem sköpuðust við hrun efnahagslífsins. Þróun atvinnulífs í Reykjavík er ekki síst undir því komin að vel takist til við að virkja þá sem misst hafa atvinnuna og skapa störf fyrir þá sem eiga á hættu að verða atvinnulausir. Því er gert ráð fyrir að í kjölfar mótunar atvinnustefnunnar Reykjavík - Skapandi borg verði ráðist í verkefni og aðgerðir sem fjölga atvinnutækifærum í bráð og lengd. Þessi verkefni beinast einkum að ungu fólki án atvinnu. Sum eru alfarið á vegum borgarinnar, en jafnframt er þess vænst að markvisst samráð og samstarf við marga aðila um nýsköpun og atvinnuþróun skili árangri til framtíðar.

Atvinnustefnan skiptist í nokkra kafla og er í stuttu máli byggð þannig upp að fyrst er greint frá leiðarljósi, meginmarkmiðum og þeim átta stefnuvísum sem valdir hafa verið sem áherslur við stefnumótunina. Þess hefur verið gætt að fullt samræmi sé með þessum stefnuvísum og þeim skilgreiningum sem lagt hefur verið upp með við endurskoðun á aðalskipulagi Reykjavíkur. Atvinnustefnan og aðgerðaráætlun hennar er því m.a. nokkurs konar aðgerðaráætlun til að hrinda nýju aðalskipulagi í framkvæmd. Þetta kemur m.a. fram í því að í þriðja kafla atvinnustefnunnar er lýst skilgreiningu atvinnusvæða eins og unnið er með í tengslum við endurskoðun aðalskipulags.

Staða atvinnumála og atvinnuleysi í Reykjavík er jafnframt ein af brýnum ástæðum þess að borgin setur fram stefnu í atvinnumálum. Sömu ástæður búa að baki því að sérstakur kafli er um aðgerðir í þágu þeirra sem eru atvinnulausir eða háðir fjárhagsaðstoð sveitarfélagsins sér til framfærslu. Loks er sett fram fjárfestingarstefna fyrir Reykjavík. Í fylgiskjöllum eru fjárfestingaryfirlit annars vegar og hins vegar fimm ára áætlun Reykjavíkurborgar.

Forgangsroðun og fjármögnun verkefna sem lýst er í atvinnustefnunni fer fram í tengslum við gerð fimm ára áætlunar borgarinnar og árlega fjárhagsáætlun.

6.5 ATVINNUSTEFNAN OG AÐALSKIPULAG

Að skapa vaxtarskilyrði fyrir fjölbreytt atvinnulíf er eitt af leiðarljósumum í nýju aðalskipulagi. Einn meginþátturinn í aðgerðaáætlun í atvinnumálum er að setja þar fram markvissa stefnu um atvinnusvæði og hlutverk hvers svæðis í þróun atvinnulífs. Í því felst að tryggja rými fyrir atvinnustarfsemi á sviði sjávarútvegs, iðnaðar, flutninga, verslunar- og þjónustu, viðskipta, stjórnsýslu, hátækni, rannsókna og þekkingar, ferðamennsku, menningar og afþreyingar.

Öflugt atvinnulíf er forsenda þess að borgin vaxi og dafni. Í Reykjavík eru megin atvinnusvæði höfuðborgarsvæðisins hvort sem lítið er til starfsemi á sviði hátækni og þekkingar, háskóla, fjármála, verslunar og þjónustu, opinberrar stjórnsýslu, menningar og lista, ferðaþjónustu, flutninga eða iðnaðar. Styrkur atvinnulífsins í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu er fjölbreytni þess. Skynsamlegt er að viðhalda þessari fjölbreytni og skapa vaxtarskilyrði fyrir sem flestar atvinnugreinar. Jafnhliða þessa er mikilvægt að stuðla að markvissari sérhæfingu svæða innan borgarinnar. Sérhæfð atvinnusvæði leiða til meiri stöðugleika og auka líkurnar á að myndist klasar fyrirtækja á ákveðnu sviði. Með sérhæfðari atvinnusvæðum er auðveldar að skapa samstöðu um ákveðið heildaryfirbragð svæða og kröfur til umhverfisgæða.

Í aðalskipulagi 2001-2024 var sett fram stefna um sérhæfingu landnotkunar á hverju svæði. Í nýju aðalskipulagi þarf að skerpa frekar á þessari stefnumörkun og tengja við stefnu um gæði byggðar á viðkomandi svæðum; hvar verða lykilsvæði fyrir starfsemi á sviði þekkingar og hátækni, fjármála, verslunar og þjónustu, iðnaðar, menningar og lista?

Efling miðborgarinnar sem kjarni stjórnsýslu, verslunar, þjónustu, menningar og ferðaþjónustu, er lykilatriði í að styrkja atvinnulíf höfuðborgarinnar. Myndun klasa menntunar, rannsókna, vísinda og heilbrigðisþjónustu á Vatnsmyrarsvæðinu er einnig grundvallarþáttur í atvinnuþróun borgarinnar. Endurmat á stefnu um hafnarsvæðin með fjölbreyttari starfsemi að leiðarljósi, ekki síst í gömlu höfninni, er enn fremur eitt af megin viðfangsefnum aðalskipulagsins. Staðarval framtíðarsvæðis fyrir iðnaðarhöfn og grófan og landfrekan iðnað er einnig nauðsynlegur þáttur endurskoðunarinnar.

Gæði umhverfis á atvinnusvæðum borgarinnar er forsenda þess að auka samkeppnishæfni Reykjavíkur.

6.6 ATVINNULEYSI ER ÓÁSÆTTANLEGT





Samkeppnisstaða atvinnulífs, borga og þar með þjóða byggist á getu til að laða að hæfustu einstaklingana á hverju sviði. Ungt fólk sem hlotið hefur menntun og starfsreynslu erlendis velur sér búsetu þar sem tækifærin bjóðast og kjörin eru samkeppnishæf. Aðbúnaður í borginni verður því að vera þess eðlis að jafnt erlent og innlent hæfileikafólk vilji setjast hér að til lengri og skemmri tíma. Að vinna á atvinnuleysi og fjárfesta í mannauði er lykiláskorun.



Í október 2008 jókst atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu mikið og hefur haldist hátt síðan þótt þróunin hafi smám saman verið í rétta átt. Atvinnuleysi hjá körlum jókst meira en hjá konum og hefur sá munur haldist síðan. Atvinnuleysi hjá körlum var í apríl 2011 8,6% en hjá konum 7,4%.

Sveiflur í atvinnuleysi skýrast að hluta til af árstíðarbundnu atvinnuleysi, þar sem atvinnuleysi minnkar yfir sumarmánuðina. Ef bornir eru saman janúar-apríl árið 2010 og 2011 sést að atvinnuleysi hefur lækkað um tæplega 1% á milli ára.

Til þess að greina enn frekar atvinnuleysisstölur síðustu þriggja ára eru hér að neðan myndir sem sýna þróun atvinnuleysis á höfuðborgarsvæðinu eftir menntun, aldri, atvinnugreinum og starfsstétt. Myndirnar eru byggðar á upplýsingum frá Vinnumálastofnun og sýna fjölda atvinnulausra í hverjum flokki fyrir sig og þar með hvaða þjóðfélagshópar urðu verst úti í efnahagshruninu.



<http://www.vinnumalastofnun.is/vinnumalastofnun/utgefing-efni-og-talnaefni/>

Hafa verður í huga að margt getur haft áhrif á atvinnuleysisstölur, s.s. einstaklingar sem flytja erlendis, skrá sig í skóla eða detta af atvinnuleysisráð af öðrum ástæðum.

Eins og sést hafa langflestir á atvinnuleysisráð eingöngu lokið grunnskólaprófi, eða um 45% af heildarfjölda atvinnulausra. Það þýðir að ný störf þar sem menntunar er krafist gagnast þessum stóra hópi ekki. Í kjölfar efnahagshrunsins fjölgaði einstaklingum með iðnmenntun á atvinnuleysisráð en þeim hefur fækkað lítillega síðan.

Ef skoðaðar eru þær atvinnugreinar þar sem flestir atvinnulausir hafa starfað í er verslunarfólk fjölmennasti hópurinn og starfsfólk í mannvirkjagerð sá næst fjölmennasti. Ef við skoðum atvinnuleysi eftir starfsstéttum er starfsfólk í þjónustu- og afgreiðslustörfum fjölmennasti hópurinn ásamt ófaglærðu verkafólki. Athygli vekur að atvinnuleysi þessara starfsstétta hefur aukist lítillega á milli árunna 2010 og 2011 meðan að atvinnuleysi annarra starfsstétta helst óbreytt eða minnkar. Það bendir til þess að fá ný störf hafi skapast fyrir þessa tvo hópa.



Menntunarteg á höfuðborgarsvæðinu, 16-74 ára

Í samantekt Hagstofu Íslands kemur eftirfarandi fram: „Mikill munur er á menntun íbúa höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar. Á höfuðborgarsvæðinu hafa 33% íbúa eingöngu lokið grunnmenntun en 30% hafa lokið háskólamenntun. Utan höfuðborgarsvæðisins hafa 49% íbúa aðeins lokið grunnmenntun og 16% lokið háskólamenntun.“ Þetta þýðir að á höfuðborgarsvæðinu er nauðsynlegt að skapa bæði störf sem krefjast háls menntunarstigs og störf þar sem þess er ekki krafist. Jafnframt er mikilvægt að atvinnulausu fólki og öðrum á vinnumarkaði sé gefinn kostur á menntun og starfsþróun til að takast á við breytt samfélag og vinnu- markað.

6.7 BAKLAND SKAPANDI AT- VINNULÍFS

Sökum legu landsins mun flutningskostnaður ávallt skerða samkeppnishæfni okkar í hefðbundnum framleiðslugreinum. Áhersluna þarf því að setja á þekkingarsamfélagið og sköpun af öllu tagi og markvissa uppbyggingu á því. Þar er Reykjavíkurborg í lykilhlutverki með þrjá háskóla; Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík og Listaháskóla Íslands. Aðrar lykilmenntastofnanir, helstu menningarstofnanir og þekkingarfyrtæki eru jafnframt staðsett í Reykjavík. Í Vatnsmýrinni er jafnframt framtíðaraðsetur sameinaðs Landsspítala sem er stærsti vinnustaður landsins og miðpunktur rannsókna og kennslu á sviði heilbrigðisvísinda. Þar þarf borgin að tryggja að verði til umhverfi sem hlúi að þekkingarsköpun og klasasamstarfi á hinum ýmsu sviðum þekkingarsköpunar. Reykjavík hefur alla burði til að verða háskóla og rannsóknarborg. Talið er að tíu þúsund erlendis nemendur skapi jafnmiklar tekjur og milljón ferðamenn, að sjálfsgöðu með miklu minna álagi á náttúruna.


Traustasta stoðin í baklandi skapandi atvinnulífs er góðir leik-, grunn-, framhalds- og háskólar. Þar stendur Reykjavík vel að vígi með fjölda frábærra skóla á þessum stigum. Góðir skólar gegna líka lykilhlutverki í uppeldi til mannréttinda og kynjajafnréttis sem eru grundvallaratriði fyrir fjölbreytt, fram- sækid og siðað atvinnulíf.

Háskóli Íslands býður upp á gríðarlega fjölbreytt nám. Við skólann eru fimm fræðasvið, 25 deildir og námsleiðirnar skipta hundruðum. Háskóli Íslands er eini háskólinn í landinu sem býður upp á nám á öllum fræðasviðum og á öllum náms- stigum. Alls eru skráðir nemendur í Háskóla Íslands 12.785.

Háskólinn í Reykjavík býður tæplega 700 námskeið á ári; rúmlega 500 í grunnnámi og u.þ.b. 160 á meistarastigi með þarfir nemenda og atvinnulífsins í huga. Deildir skólans eru fimm; lagadeild, viðskiptadeild, tölvunarfræðideild, tækni- og verkfræðideild og kennslufræði- og lýðheilsudeild. Að auki er boðið upp á nám í frumgreinadeild og Opni háskólinn býður upp á rúmlega 400 námskeið. Alls eru skráðir nemendur í Háskólann í Reykjavík 2.890.

Listaháskóli Íslands býður fjölbreytt nám á fræðasviði lista. Flestar námsleiðirnar eru á fyrsta námsstigi sem leiða til B.A. eða B.Mus. gráðu. Það er þriggja ára nám og nemendur ljúka að lágmarki 180 einingum. Í leikaranámi er uppbygging náms með öðrum hætti en það er fjögurra ára nám og nemendur ljúka að lágmarki 240 einingum til B.F.A. prófs í leiklistardeild. Jafnframt er boðið sérstakt diplóma- nám ætlað nemendum sem enn stunda almennt nám á framhaldsskólastigi, en standast kröfur Listaháskólans um kunnáttu og færni í tónlist. Í listkennsludeild er einnig boðið diplómanám til kennsluréttinda. Í listkennsludeild og í tón- listardeild er boðið meistaranám. Í listkennsludeild ljúka nemendur M.A. gráðu í listkennslu, en við tónlistardeild er um meistaranám í tónsmíðum sem lýkur með M.A. gráðu að ræða. Alls eru skráðir nemendur í Listaháskóla Íslands 425.

Skráðir nemendur í háskóla



Frá árinu 2008 hefur skráðum nemendum á háskóla og framhaldsskólastigi fjölgað mikið sem er jákvæð þróun. Það getur skýrt að hluta af fækkun á atvinnuleysisrá. Of snemmt er að segja til um hvort fjölgun nemanda skili sér að öllu leyti með aukningu á brautskráðum nemendum, þótt þegar virðist vera skýrar vísbendingar í þá veru, en þetta sýnir að vegna færri atvinnutækifæra kjósa fleiri að mennta sig en áður. Mikilvægt er að vinna gegn brottfalli nemenda úr námi á framhalds- og háskólastigi en það hefur mælst hærra hér á landi en á hinum Norðurlöndunum.

Þrátt fyrir efnahagshrun og veikingu krónunnar hefur ís- lenskum nemendum í skólum erlendis ekki fækkað síðastliðin þrjú ár. Eitt mikilvægasta markmið næstu ára ætti að vera að skapa því fólki aðstæður til að flytja aftur heim til Íslands.

6.8 INNVIÐIR OG ORKUVEITA REYKJAVÍKUR

6.8.1 Innviðir í atvinnustefnu Reykjavíkur

Fjallað er um innviði í atvinnustefnunni í umfjöllun um höfuðborgina (traustir innviðir) og í umfjöllun og aðgerðar- áætlun um hafnarborgina. Fjallað er um samgönguinnviði á fleiri en einum stað. Hér verður innviðum og veitustarfsemi Orkuveitu Reykjavíkur (OR) gerð stuttlega skil ásamt umfjöllun um nýjar áherslur í markaðssetningu afurða fyrir- tækisins.

6.8.2 Almenn um OR

Orkuveita Reykjavíkur (OR) leggur áherslu á að hafa til staðar þá innviði sem nauðsynlegir eru á hverjum tíma til að mæta þörfum almennings og atvinnulífs. Skipulag getur haft veruleg áhrif á þær fjárfestingar sem ráðast þarf í hverju sinni vegna innviða. Mikilvægt er að OR komi að skipulagi og ákvörðunum um uppbyggingu með tilliti til þeirra innviða sem þarf að byggja upp til að þjóna skipulaginu.

OR setur stefnuna á að ná í viðskipti hjá meðalstórum og stórum fyrirtækjum sem nýta á fjölþættan hátt afurðir fyrirtækisins; raforku, heitt og kalt vatn. Stóriðja er undanskilin skilgreiningu á stórum fyrirtækjum. Sér í lagi er horft til fyrirtækja með umhverfisvæna starfssemi, háan virðisauka í framleiðslu sinni og sem auka fjölbreytni í viðskiptamannaflóru OR.

OR lítur svo á að öll atvinnusköpun sem á sér stað innan 30 km. fjarlægðar frá Reykjavík leiði til jákvæðra áhrifa á atvinnulíf á höfuðborgarsvæðinu. Meðal skipulagðra athafna-svæða utan höfuðborgarinnar sem þá koma til skoðunar eru athafnasvæði Faxaflóahafna, t.d. á Grundartanga, og iðnaðarsvæði við Hellisheiðarvirkjun.

OR á mikið land á Hellisheiði og í nágrenni Hellisheiðarvirkjunar. Þar er nýlega búið að skipuleggja 150 hektara landsvæði sem iðnaðarsvæði. Ætlunin er að laða meðalstór og stór fyrirtæki á svæðið sem nýta fjölþættar afurðir virkjunarinnar. Auk áðurgreindra afurða bætist við gufa, skiljuvatn og hugsanlega jarðhitalofttegundir.

Í Hellisheiðarvirkjun sjálfri reka einkaaðilar ferðaþjónustu og OR hefur ekki gert athugasemdir við nýtingu ferðaþjónustunnar á landareignum fyrirtækisins. Hengilssvæðið er einnig mikilvægt útivistarsvæði. Við undirbúning Rammaáætlunar hefur OR lagt áherslu á að svæðið verði tekið til heildarskipulags þar sem leitast verði við að finna ólíkum hagsmunum sameiginlegan farveg.

Aðstæður á Íslandi í orkumálum gera það að verkum að Íslendingar geta leyft sér margt sem óhugsandi er að gerist utan Íslands. Sem dæmi má nefna snjóbræðslur og nýtingu á vatni til kælingar í skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Baðmenning á Íslandi er orðin að vörumerki, útisundlaugar um allt land eru stór félagslegur þáttur í lífi margra. Sér í lagi ber að nefna styrkleika þess fyrir höfuðborgarsvæðið að geta boðið heitt og kalt vatn í stórum stíl til hvers kyns atvinnustarfsemi, á lágu verði. Sérstaklega ber að nefna að heitt vatn er u.þ.b. fimm sinnum ódýrara en raforka miðað við orkuinnihald.

Öll orkuframleiðsla OR uppfyllir kröfur Evrópusambandsins um vistvæna orkuframleiðslu og því til viðbótar er öll starfssemi OR vottuð.

Innviðir gagnaflutninga eru afar traustir, bæði innan höfuðborgarsvæðisins og við útlönd. Fráveita getur sinnt öllum almennum þörfum atvinnurekstrar innan starfssvæðis hennar.

6.8.3 STAÐA MÁLA Í ÝMSUM VEITUM OR

6.8.3.1 Hitaveita

- Með tilkomu nýrrar varmastöðvar á Hellisheiði haustið 2010 er framleiðslugeta tryggð til langs tíma.
- Sóknarfæri eru til staðar að selja heitt vatn til starfssemi og sér í lagi ef hún gæti takmarkað notkun sína í frostaköflum þegar þörf til húshitunar er sem mest. Með því væri komið í verð ónýttri flutnings- og framleiðslugetu í kerfinu.
- Flutningsgeta til upphitunar nýs rýmis innan veitu svæðisins ætti víðast að vera nægjanleg.
- Ef þörf er fyrir flutningsgetu vegna notkunar á heitu vatni sem er umfram upphitunarþörfina þá þarf að leggjast í greiningar í hverju tilfelli til að kanna afkastagetu dreifikerfisins.

6.8.3.2 Vatnsveita

- Mikill vatnsforði er í vatnstökusvæðum OR í Heiðmörk og Vatnsendakrika.
- Framleiðslugeta mannvirkja er takmarkandi og eru grynntu borholur OR ekki nýttar sex mánuði á ári í öryggisskyni vegna hættu á að mengun berist af yfirborði.
- Flutningsgeta flutnings- og dreifikerfa er mikil og vannýtt, enda eru kerfin hönnuð með tilliti til þarfa brunavarna. Mögulegt er að nýta þá flutningsgetu ef skýrt er í samningum að almannahagsmunir hafi forgang.
- Geta til að afla og flytja vatn til allrar almennrar notkunar ætti ekki að vera vandamál. Nauðsynlegt er þó að greina dreifikerfi vatnsveitu m.t.t. þess vatnsflutnings sem nauðsynlegur er í hverju tilfelli.

6.8.3.3 Rafdreifiveita

- Flutningsgetu dreifikerfa þarf að greina í hverju tilfelli. Einhver umfram flutningsgeta kann að vera til staðar en væntanlega dugir hún ekki fyrir meðalstór og stór fyrirtæki.
- Dreifikerfið annar umfangsmikilli rafbílavæðingu nema á einstöku stöðum.

6.8.3.4 Raforka

- Núverandi framleiðsla er að mestu leyti fullnýtt. Eitthvað svigrúm er þó til staðar til að þjónusta nýja viðskiptavini. Einnig má leita með raforkuviðskipti þangað sem framlegð er mest, og segja upp gildandi smásölusamningum til að afla orku til nýrra viðskipta.
- Gildistími heildsölusamninga OR á raforku er takmarkaður og skapar það möguleika til lengri tíma lítið.
- OR á möguleika á að stofna til nýrrar orkuframleiðslu en fjárhagsstaða fyrirtækisins leyfir ekki slíkar fjárfestingar eins og sakir standa.

6.8.3.5 Gagnaveita

- Á og rekur bakbein ljósleiðarakerfisins á höfuðborgar svæðinu. Flutningsgeta til staðar en kostnaður við tengingar er háður aðstæðum hverju sinni.

6.8.4 Orkuskipti í samgöngum

OR hefur á undanförunum árum tengst ýmsum verkefnum sem miða að orkuskiptum í samgöngum. Markmiðið er að auka hlut innlendrar orku í samgöngum á Íslandi. Sem dæmi má nefna vetnisverkefni, metanvæðingu og rafbíla. OR hefur ásamt Grænu orkunni unnið að Aðgerðaáætlun um orkuskipti í samgöngum, sem var nýlega kynnt af hálfu iðnaðarráðherra og gerir aðgerðaáætlun með atvinnustefnu Reykjavíkur ráð fyrir samstarfi á hennar grunni.

6.9 SKRIFSTOFA EIGNA OG ATVINNUÞRÓUNAR

Í samráðsferlinu bentu hagsmunaaðilar á að Reykjavíkurborg sinnir áhugasömum atvinnurekendum ekki nægilega og mun verr en nágrannasveitarfélögin. Slíkum aðilum reynist erfitt að fóta sig í flóknu kerfi borgarinnar þegar oftast mætir þeim einn aðili í nágrannasveitarfélögunum sem sinnir öllum þeirra þörfum. Mikilvægt er að ráða bót á þessu skipulagslega og tryggja mannafla til verksins, t.d. með því að stofna sérstaka skrifstofu atvinnu- og borgarþróunar. Slík rekstrareining eða skrifstofa myndi tryggja að komið yrði betur til móts við þarfir atvinnulífsins og að borgin yrði leiðandi afl í atvinnuuppbyggingu á höfuðborgarsvæðinu. Slík skrifstofa myndi starfa þvert á svið og stofnanir borgarinnar og vera milliliður milli atvinnulífsins í borginni og stoðkerfis atvinnulífsins. Meginmarkmið skrifstofunnar væru:

- Að skjóta styrkari stoðum undir efnahag borgarinnar með því að fjölga atvinnutækifærum í Reykjavík og efla sjálfbæran hagvöxt.
- Að skapa hagstæð skilyrði fyrir nýja atvinnustarfsemi á grunni sjálfbærrar þróunar.
- Að efla samkeppnishæfni Reykjavíkurborgar gagnvart samkeppnisborgum.
- Að stuðla að bættum rekstrargrundvelli fyrirtækja í borginni.
- Að auka aðdráttarafl fyrir tilvonandi íbúa, ferðamenn og atvinnulíf.
- Að markaðssetja Reykjavíkurborg og mynda brú þvert yfir svið borgarinnar til hagsbóta fyrir atvinnulífið.
- Að markaðssetja og þróa ný og eldri svæði í samræmi við nýtt skipulag og undirbúa lóðir fyrir atvinnustarfsemi.
- Að styðja við öflugt nýsköpunar- og rannsóknarstarf í samstarfi við háskóla og stofnanir í borginni.
- Vera leiðandi í mótun og framkvæmd atvinnustefnu fyrir höfuðborgarsvæðið. Efla samstarf fyrirtækja, stofnana og félagasamtaka á höfuðborgarsvæðinu og vinna að klasamyndun.

Með nýsamþykktum breytingum á stjórnkerfi Reykjavíkurborgar þar sem meðal annars er sett á stofn skrifstofa eigna og atvinnuþróunar er ætlunin að ná utan um ofangreind markmið.



6.10 STEFNUVÍSAR ATVINNU- STEFNU REYKJAVÍKUR

Hér er dregin upp mynd af nýu stefnuvísunum sem beina sjónum að mismunandi hliðum borgarlífsins í Reykjavík til að fá yfirsýn yfir það margslungna samspil ólíkra þátta sem saman og aðeins saman geta myndað trausta og hagkvæma umgjörð um fjölbreytt og framsækið atvinnulíf. Hver stefnuvísir um sig gefur tilefni til að skýra mikilvægt hlutverk sem Reykjavíkurborg hefur og saman mynda þeir grunn að heildstæðri atvinnustefnu og samræmdri aðgerðaáætlun hinna ólíku sviða í starfsemi borgarinnar.

Athafna - og nýsköpunarborgin

Reykjavík vill skapa vaxtarskilyrði fyrir fjölbreytt og kraftmikið atvinnulíf sem einkennist af nýsköpun. Aðgengilegt og hagkvæmt á að vera að stofna og reka fyrirtæki í borginni. Stuðlað verði að stöðugleika í starfsumhverfi með fyrirsjáanlegum og gegnsæjum leikreglum sem styðja við samkeppni og sjálfbæran vöxt. Verkefni sem lúta að atvinnuþróun og samstarfi með þátttöku borgarinnar þurfa einnig að virða samkeppnissjónarmið, jafnræði og aðrar almennar leikreglur. Borgin vill jafnframt tryggja auðskiljanleg og markviss umsóknar- og leyfisferli og einfalt og skilvirkt eftirlit með atvinnurekstri. Borgin leggur áherslu á að upplýsingar um reglur og aðstöðu fyrir atvinnurekstur séu greinargóðar og auðsóttar.

Skapandi Reykjavík er borg fjölbreytts og heildstæðs atvinnulífs þar sem hefðir og nýbreytni kallast á.

Höfuðborg

Reykjavík er leiðandi í atvinnuþróun og atvinnuuppbyggingu á Íslandi og leggur áherslu á samráð og samstarf við nágranna-sveitarfélög og stjórnvöld í atvinnumálum. Reykjavík er miðstöð stjórnsýslu og opinberra stofnana, heilbrigðisþjónustu, menningar- og menntastofnana, fjármála- og tryggingarstarfsemi, samgangna og erlendra samskipta. Borgin axlar þá ábyrgð að vera í fararbroddi við að skapa grundvöll fyrir fjölbreytt og framsækið atvinnulíf í landinu og hefur þá framtíðarsýn að höfuðborgarsvæðið þróist sem nútímalegt borgarsamfélag með alþjóðlegu yfirbragði. Reykjavík mun styrkja samkeppnisstöðu sína sem alþjóðleg borg fjölbreyttrar og blómlegrar atvinnustarfsemi með því að skapa ákjósanlega ramma og skilgreina skýrar leikreglur fyrir atvinnulífið.

Skapandi Reykjavík er höfuðborg atvinnuþróunar á Íslandi, tengipunktur landsins alls við umheiminn.

Græna borgin

Reykjavíkurborg hefur sett sér það mark að vera í fararbroddi uppbyggingar á sjálfbæru samfélagi og grænu hagkerfi. Þetta varðar fjölmörg atriði sem lúta að mótun atvinnustefnu svo sem umhverfismál og landnotkun, náttúruvernd og útivist, samgöngur og mengunarmál, lýðheilsu, velferð og íbúa-lýðræði. Framtíðarsýn borgarinnar um sjálfbært samfélag er lýst þannig: „Ásýnd og ímynd Reykjavíkur endurspeglar skapandi hugsun íbúa hennar, þar sem mannlíf og umhverfi

er sett í fyrirrúm og gott er að búa“. Í samgöngustefnu borgarinnar, sem unnið er að, er haft að leiðarljósi að í Reykjavík verði tryggðar samgöngur fyrir alla sem jafnframt stuðli að bættu umhverfi, góðri heilsu og aðlaðandi umhverfi.

Skapandi Reykjavík er borg hreins lofts, hreinnar orku, vistvænna samgangna, fagurra útivistarsvæða og markverðra náttúruverndarsvæða.

Menningarborgin

Reykjavík gegnir forystuhlutverki í íslensku menningarlífi sem vaggja tónlistar, bókmennta, kvikmynda, leiklistar, hönnunar, tisku, safna, menntunar og fræða. Öflugt menningarlíf eykur lífsgæði borgarbúa og stuðlar að samfélagslegri velferð en menning er ekki síður mikilvægur hluti af efnahags- og atvinnulífi borgarinnar. Sem skapandi borg er metur að verðleikum menntun reynslu og þekkingu í listum og skapandi starfi eflir Reykjavík ímynd sína jafnt inn á við og út á við um leið og grundvöllur efnahagslífsins er treystur. Leiðarljós Reykjavíkur í menningarmálum er: „Reykjavík eflist sem höfuðborg menningar í landinu. Sjálfsmynd borgarinnar byggir á menningararfi, frjórri hugsun og frumkvæði. Menningarlífið einkennist af fjölbreytni og virkri þátttöku íbúa og gesta“.

Skapandi Reykjavík er borg gróskumikillar menningarstarfsemi, sköpunarkrafts og litskrúðugs, auðugs mannlífs.

Ferðamannaborgin

Reykjavík hefur sett sér metnaðarfulla ferðamálastefnu sem er byggð á fjórum meginstöðum: Menningarborg, heilsuborg, ráðstefnuborg og vetrarborg. Í markmiðum stefnunnar er lögð áhersla á að Reykjavík verði mótsstaður fyrir alþjóðlegar stefnur og strauma í menningarlífi og skipi sér sess meðal eftirsóttustu ráðstefnu- og viðburðaborga í Norður-Evrópu. Einnig að sérstaða Reykjavíkur með jarðvarma, hreina orku og einstaka náttúru í og umhverfis borgina verði nýtt til að stórefla heilsuferðapjónustu. Það, ásamt samstilltu átaki innan ferðapjónustunnar á fleiri sviðum, geri Reykjavík að eftirsóttum áfangastað allt árið um kring.

Skapandi Reykjavík er góð heim að sækja og eftirminnileg upplifun, sumar, vetur, vor og haust.

Þekkingarborgin

Reykjavík stefnir að því að verða borg sem laðar að sér vel menntað og afburðahæft vinnuafli hvaðanæva að og borg þar sem framsækin fyrirtæki á sviði þekkingariðnaðar og hátækni sækjast eftir aðstöðu fyrir starfsemi sína. Reykjavík vill leggja mikla áherslu á uppbyggingu og þróun þekkingarsamfélags í Vatnsmýrinni í samstarfi við atvinnulífið, Landspítala - Háskólasjúkrahús, háskólana í borginni og rannsóknar- og þróunarstofnanir ríkisins, svo sem Matís, Rannís og Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Þar verði einnig miðstöð samstarfs við erlenda háskóla og rannsóknarstofnanir á sviði hátækni, líftækni og nýsköpunar í atvinnulífi. Borgin vill hlúa sérstaklega að þekkingariðnaði og styðja við þjónustu sem nýtir rafrænar dreifileiðir og jafnframt stuðla að klasasamstarfi fyrirtækja til að auka þekkingarsköpun á ýmsum sviðum atvinnulífsins.

Skapandi Reykjavík er borg þekkingarsköpunar, mannauðs

og verðmætasköpunar, borg þar sem hugmyndir verða að veruleika.

Lífsgæðaborgin

Reykjavíkurborg leggur áherslu á heilbriggt og kraftmikið borgarlíf, félagslegt öryggi og öfluga samfélagsþjónustu, góða skóla, fjölbreytt frístundastarf, næga útivistarmöguleika í borgarlandinu og ósnortna náttúra við bæjardyrnar. Gott búsetuumhverfi, þétting og blöndun byggðar, skilvirkar almenn-ingssamgöngur og góð aðstaða fyrir hjólréiðar og gangandi fólk eru meðal þess sem keppt er að. Fjárfesting sem aðrir sinna ekki en skiptir sköpun varðandi búsetugæði og að-dráttarafl borgarinnar. Stefnt er að því að auka fjölbreytni í húsnæðisframboði með stuðningi við uppbyggingu almenns og félagslegs leigumarkaðar og fjölgun námsmannaíbúða.

Skapandi Reykjavík er borg fyrir fólk á öllum aldri, borg þar sem gott er að alast upp, búa, nema, vinna og stunda at-vinnustarfsemi, eldast og vera gestur.

Fjölbreytileikaborgin

Reykjavík fagnar fjölbreytileika mannlífsins, en hann er forsenda kraftmikils og skapandi samfélags. Lögð er rík áhersla á að í Reykjavík geti allir íbúar tekið virkan þátt án tillits til uppruna, þjóðernis, lífshátta, trúarbragða, stjórnmálaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags,

ættarnis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu. Reykjavík leggur áherslu á að laða saman ólíka menningarheima, vinna á skapandi hátt gegn staðalmyndum og tryggja jafnrétti komandi kynslóða sem þannig verða betur í stakk búnar fyrir atvinnulífið til lengri tíma lítið. Reykjavík leggur sig fram um að kynna mannréttindastefnu sína gagnvart öðrum sveitarfélögum innanlands sem erlendis og tekur þátt í samstarfsverkefnum og viðburðum því tengdu. Skapandi Reykjavík er borg fyrir alla.

Hafnarborgin

Reykjavík er miðstöð sjóflutninga til og frá landinu og lífleg hafnarborg fiskveiða, ferðaþjónustu og skemmtisiglinga með margvíslega atvinnustarfsemi á hafnarbakknum. Starfsemi og mannlíf hafnarborgarinnar er skarpur dráttur í ásýnd Reykjavíkur sem mikilvægt er að leggja rækt við. Það mun borgin gera með hagkvæmri svæðaskiptingu fyrir ólíka hafnarstarfsemi. Samkeppnishæfni hafnarinnar má enn auka með samstarfi við nágrannasveitarfélögin í hafnarmálum. Áfram verður unnið að markvissri uppbyggingu vöru- og þjónustuhafnar í Sundahöfn og borgin mun stuðla að því að fjölbreytt framleiðslu- og þjónustustarfsemi verði á hafnar-svæði miðborgarinnar. Skapandi Reykjavík er hafnarborg blómlegs atvinnulífs og fjölskrúðugs mannlífs.



Þessi yfirlitstafla lýsir grunnhugmynd atvinnustefnunnar um heildstæða atvinnu- og borgarþróun. Stefnan byggir á þremur stoðum: Skipulag/landnotkun, Fjárfestingar og Borgarlíf. Þvert á þessar stoðir ganga níu stefnuvísar sem varpa ljósi á ákveðin markmið og aðgerðir.

REYKJAVÍK	SKIPULAG/LANDNOTKUN	FJÁRFESTINGAR	BORGARLÍF
Skapandi borg Stefnuvísar	Markmið/Aðgerðir	Markmið/Aðgerðir	Markmið/Aðgerðir
Höfuðborgin	-Svæðisskipulag SSH -Hagkvæm landnýting -Þétting byggðar -Blöndun byggðar -Almenningsrými -Hagkvæmir innviðir	-Sóknaráætlun SSH -Fjárfestingar í traustum og skilvirkum innviðum -Aðhaldssöm fjármálastjórnun -Betri þjónusta fyrir minna fé -Ívilnanir og markaðssetning -Fegrun borgarinnar	-Eitt atvinnusvæði SSH -Skýrar og gegnsæjar leikreglur -Samræmd/Góð og hagkvæm þjónusta -Greiðar samgöngur -Háhraðaðþjónusta -Sjálfbær borgarþróun -Hagfelld skattaumhverfi atvinnulífsins -Virk alþjóðatengsl
Athafna- og nýsköpunarborgin	-Sérhæfð atvinnusvæði -Greiðar samgöngur og flutningsleiðir -Gæði mannvirkja	-Vaxtarsamningur SSH -Klasamyndun -Stuðningur við nýsköpun -Lánatryggingasjóður ungs fólks og frumkvöðla -Samstarf við fjármálastofnanir -Öflun erlendra styrkja -Útvistun verkefna	-Atvinnuþróunarfél. SSH -Nýsköpunarsetur -Nýsköpunarstuðningur NMÍ -Nýsköpunarviðburðir og tengslamyndun -Klasasamstarf -Aðgerðir til atvinnuþátttöku allra
Þekkingarborgin	-Vísindapörp í Vatnsmýri -Listaháskóli í miðborginni	-Fjárfestingar í menntun -Símenntun / starfsþróun -Nýsköpunarsjóður námsmanna -Samstarf við háskóla/ rannsóknarstofnanir -Klasamyndun	-Góðir grunn- og leikskólar -Alþjóðlegt skólastarf -Alþjóðlegt þekkingarsamfélag -Skapandi greinar í öndvegi -Verk- og tæknimenntun í öndvegi -Mótsstaður frumkvæðis og framfara -Klasasamstarf
Græna borgin	-Græn svæði -Óspjölluð náttúra -Umhverfissvæði -Græn atvinnusvæði -Vistvæn byggð	-Fjárfestingar í grænni þróun -Almenningssamgöngur -Orkuskipti í samgöngum -Græn orka til fjölbreyttra nota -Græn innkaup -Græn skref	-Góð útivist -Sundlaugar og leiksvæði -Vistvænn ferðamáti -Græn matvæli og fersk matvara -Endurvinnsla
Lífsgæðaborgin	-Gæði manngerðs umhverfis -Falleg miðborg -Gatan sem borgarrými -Borgarvernd -Lífleg hverfi -Leiksvæði og útsvæði	-Grunnþjónusta -Forvarnir -Ferlimál fatlaðra, aldraðra og barna -Leigubúðir og búseturéttur -Öryggi allra íbúa -Friðsæl næturborg	-Traust grunnþjónusta -Velferð -Félagslegt öryggi -Fjölbreyttir búsetukostir -Umferðaröryggi -Góð umferðarmenning -Traustar almannavarnir
Fjölbreytileikaborgin	-Borg fyrir alla	-Fjárfestingar í jafnrétti, velferð og lífsgæðum	-Mannréttindi og kynjajafnrétti
Menningarborgin	-Hentug útsvæði -Greið aðkoma að opnum svæðum, menningarstofnunum og sögu- og náttúruvættum.	-Fjárfestingar í frumleika og listrænni gerjun, fjölbreytni lífandi menningar og virkjun menningarsögu -Söfn og sýningarstaðir fyrir alla -Borgarhátíðasjóður -Aukið samstarf við nágr.sv.fél	-Fjölskrúðugt menningarlíf -Litríkt borgarlíf -Klasasamstarf skapandi greina -Bókmenntaborg -Kvikmyndaiðnaður -Skapandi sumarverkefni
Hafnarborgin	-Sérhæfð hafnarsvæði	-Uppbygging	-Skilvirkir vöru- og farþegaflutningar -Fjölbreytt hafnarlíf og viðburðir á hafnarsvæðum -Lífandi fiskihöfn -Ferðaþjónustuhöfn -Siglingar, útivist, aðgengi almennings -Menningarhöfn -Móttaka skemmtiferðaskipa
Ferðamannaborgin	-Miðborgarás -Hótel og gistihús -Aðkoma og umferð	-Ráðstefnuskrifstofa -Viðburðaskrifstofa -Þríhúkakagigur -Nýsköpun í ferðaþjónustu -Fegrun miðborgar	-Menningarferðam. -Heilsuferðamennska -Ráðstefnuborg -Vetrarferðamennska

- Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 – Vinnuskjal, júní 2011
- Athugasemdir hagsmunaaðila við drög að atvinnustefnu Reykjavíkurborgar. Drög – Ekki til dreifingar
- Atvinnustefna Reykjavíkurborgar. Drög að greiningarskýrslu. Nóvember 2010. Expectus
- Atvinnustefna Reykjavíkurborgar. Vinnufundur 9. nóvember 2010. Expectus
- Áhættumat vegna vatnsverndar á Bláfjallasvæðinu. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH). 26. október 2011, Mannvit
- Álaborgaryfirlýsingin – Afl til framtíðar / Álaborgarskuldbindingarnar (2004)
- Byggt á styrkum stoðum – Stefna Vísinda- og tækniráðs 2010-2012
- Cities of Opportunity. PWC/Partnership for New York City, 2011
- Covenant of Mayors Committed to Local Sustainable Energy. Af heimasíðunni www.eumayors.eu
- Doing Business in Iceland. Invest in Iceland, April 2011 (investiniceland.is)
- Efling græns hagkerfis á Íslandi. Sjálfbær hagsæld – samfélag til fyrirmyndar. Skýrsla nefndar Alþingis um eflingu græns hagkerfis. September 2011
- Fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2011
- Fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2012
- Fimm ára áætlun Reykjavíkurborgar fyrir árin 2012-2016
- Forvarnarstefna Reykjavíkurborgar (samþykkt af forvarnarnefnd Reykjavíkur 8. nóv. 2005)
- Grundartangahöfn – Skipulag og starfsemi. Faxaflóahafnir, Gísli Gíslason, apríl 2011
- Græna orkan – Vistorka í samgöngum (af heimasíðu lðnaðarráðuneytisins 26.10.2011)
- Græn skref í starfsemi Reykjavíkurborgar – reykjavik.is, október 2011
- Heildarstefnukort Reykjavíkurborgar 2007 ásamt skilgreiningu á kjörorðum og velgengnisþáttum. (Samþykkt í borgarráði 6. apríl 2006)
- Hjólaborgin Reykjavík (2010)
- How to do smart industrial policy. Robert Wade, fyrirlestur í HÍ 25. Janúar 2012
- Hugmyndadæping Reykjavíkur 25. október 2009 – Niðurstöður
- Innkaupastefna Reykjavíkurborgar (2006)
- Innovation Union Scoreboard 2010. Febrúar 2011, Inno Metrics, Pro Inno Europe
- Ísland 2020- sókn fyrir atvinnulíf og samfélag. Þekking, Sjálfbærni, velferð (ódagsett)
- Kortlagning á hagrænum áhrifum skapandi greina. Dr. Margrét Sigrún Sigurðardóttir og Tómas Young, maí 2011.
- Kvikmyndaborgin Reykjavík. Áfangaskýrsla starfshóps (drög). September 2007
- Leiðbeinandi viðmið um forgagnsröðun í atvinnumálum unnið af vinnuhópi borgarráðs. (R08080073, 15.11.2009)
- Lög um Íslandsstofu nr. 38/2010
- Lög um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri 34/1991
- Lög um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi nr. 99/2010
- Lög um atvinnuréttindi útlendinga nr. 133/1994
- Lög um nýsköpunarsjóð atvinnulífsins nr. 61/1997
- Lög um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki nr. 152/2009
- Lýsing á Procura+ verkefni ICLEI (International Council for Local Environmental Initiatives), Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar 9. júlí 2008
- Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar. (2006)
- Menningarstefna Reykjavíkurborgar 2009-2012
- Nine Key Steps to Starting a Business in the City and County of Denver. GrowDenver, The Office of Economic Development (án ártals)
- Orkustefna fyrir Ísland (Drög til umsagnar). Stýrihópur um mótun heildstæðrar orkustefnu, 2011-01-12.
- Our Cities, Drivers of National Competitiveness. National Competitiveness Council (Írland), April 2009:
- Ólafsvíkurfyrirlýsingin – Yfirlýsing um framlag íslenskra sveitarfélaga til sjálfbærrar þróunar (13. október 2000)
- Reglugerð um þátttöku atvinnuleitenda sem tryggðir eru innan atvinnuleysistryggingakerfisins í vinnumarkaðsaðgerðum og um búferlastyrki. Nr. 12 2009.
- Reykjavíkurborg. Drög að atvinnustefnu. Júlí 2011. Expectu
- Reykjavíkurborg. Mótun atvinnustefnu. 9. nóvember 2010. Yfirlit, kynning - Expectus
- Reykjavíkurborg. Drög að atvinnustefnu. Maí 2011. Expectus
- Reykjavík í mótun. Stefnumótun í átt að sjálfbæru samfélagi í Reykjavík 2015. (2006)
- Rjúfum kyrrstöðuna. Leiðir til betri lífsskjara. Nóvember 2011. Samtök atvinnulífsins
- Skattkerfi atvinnulífsins. Fjárfesting – Atvinna – Lífsljör. Tillögur til umbóta, september 2010. Viðskiptaráð Íslands og Samtök atvinnulífsins.
- Stofnun nýrra fyrirtækja í Reykjavík. Reykjavíkurborg, mars 2011. Maskína
- Stefna og starfsáætlun Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar 2011
- Stefna og starfsáætlun Menntasviðs 2011
- Íþrótt- og tómstundasvið Reykjavíkur: Starfsáætlun 2011
- Samgöngustefna fyrir starfsemi Reykjavíkurborgar (2009)
- Stefnumótun SORPU 2010-2015. Maí 2010. Netspor – rekstur og ráðgjöf
- Stefnumótun vinnuhóps um húsnaðisstefnu Reykjavíkurborgar 2020. (2011)
- Sundahöfn – Skipulag og starfsemi. Faxaflóahafnir, Gísli Gíslason, 28. febrúar 2011
- Samantekt af fundum með hagsmunaaðilum vegna mótunar atvinnustefnu Reykjavíkurborgar í febrúar og

mars 2011. Drög – Ekki til dreifingar

- Samgöngustefnu fyrir Reykjavíkurborg. (2006)
- Samþykkt Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, 2009
- Samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1200/2007 sbr. samþ. 795/2009 og 810/2010
- Samræmd stefnumótun í atvinnumálum hjá Reykjavíkurborg. Atvinnu- og ferðamálastofa Reykjavíkurborgar. Samþykkt í borgarráði 13. janúar 1998
- Skilagrein og tillögur nefndar um eflingu sveitarstjórnarstigsins. Innanríkisráðuneytið, febrúar 2012
- Skrefi á undan – Forysta – Ábyrgð – Alúð. Sóknaráætlun Reykjavíkur. Tillögur byggðar á sviðsmyndum um Reykjavík 2020
- Sóknaráætlun 20/20. Stöðuskýrsla höfuðborgarsvæðisins. Töluleg samantekt. Mars 2010, Expectus
- Sóknaráætlun 20/20. Niðurstöður 20/20 sóknaráætlunar, nóvember 2010. Tekið saman af Stýrihópi 20/20 Sóknaráætlunar
- Sóknaráætlun 2020. Niðurstöður þjóðfundar á höfuðborgarsvæðinu 20.03.2010. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
- Styrkar stoðir. Ferðamálastefna Reykjavíkurborgar 2011-2020.
- Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001-2024.

Greinargerð með svæðisskipulagi. Unnið fyrir samvinnunefnd um svæðisskipulag á

- höfuðborgarsvæðinu. 19. desember 2002, nesPlanners
- Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001-2024. Þróun byggðar – Skipulagstölur. September 2009, Verkís
- Tillaga til þingsályktunar um orkuskipti í samgöngum. (Lögð fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010-2011. Þskj. 640 – 403. mál).
- Umhverfisvísar Reykjavíkurborgar 2009
- Vatnsmýri 102 Reykjavík. Skipulags- og byggingarsvið Reykjavíkurborgar 2008
- Velferðarsvið Reykjavíkurborgar: Starfs- og fjárhagsáætlun 2011
- Velferðarsvið Reykjavíkurborgar: Starfs- og fjárhagsáætlun 2012
- Velferðarríkið frá norrænum sjónarhóli. Formennskuáætlun Norðmanna í Norrænu ráðherranefndinni 2012
- Veðjað á vöxt. Byggðapróun á stór-höfuðborgarsvæðinu. Ásdís Hlökk Theodórsdóttir o.fl. Án ártals (2011). Háskólinn í Reykjavík
- Viðauki við sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 20/20. Viðskiptahugmyndir / ný fyrirtæki. 20.03.2010, SSH
- Vinnumarkaður á 3. ársfjórðungi 2011. Hagtiðindi 2011:9, 19. okt. 2011
- Þjóðvegir á höfuðborgarsvæðinu – Mat á fjölda ekinna km. Unnið fyrir SSH. Október 2009, Almenna verkfræðistofan





ATVINNUSTEFNA REYKJAVÍKUR
SKAPANDI BORG